



TÍMARIT **UNIFEM**



'06
1.tbl.16.árg.

Álver fyrir konur



Álver Alcoa Fjarðaáls verður góður vinnustaður fyrir konur sem karla. Markmiðið er að kynjahlutfall í fyrirtækinu verði sem jafnast og þess vegna hvetjum við konur til að sækja um störf hjá okkur.

Fjölbreytni

Konur eru jafnvígar körlum
Álver Alcoa Fjarðaáls er hannað með það í huga að öll störf henti konum ekki síður en körlum, tæknivæðing auðveldar vinnuna og verkefni hvers starfsmanns verða fjölbreytt og krefjast ekki mikilla líkamsburða eða endurtekinna hreyfinga.

Fjölskylda

Jafnvægi vinnu og einkalífs
Fjarðaál verður fjölskylduvænt fyrirtæki, þar sem gætt er jafnvægis milli vinnu og einkalífs starfsmanna, og kynbundinn launamunur er útilokaður.

Liðsheid

Samhentur hópur karla og kvenna

Við viljum að kynjahlutfall í álverinu verði sem jafnast og aldursdreifing góð svo að vinnustaðurinn verði eðlilegur hluti af öflugum samfélagi.

Ermiðsla

Tækifæri til að læra og þroskast

Starf hjá Alcoa Fjarðaáli á að vera tækifæri fyrir konur og karla til að læra og þroskast saman, í boði verður fjölbreytt fræðsla og starfsmönnum verður gert kleift að stunda skólanám með vinnu í álverinu.

Við erum alltaf að leita að góðum kvenumsækjendum

Hægt er að sækja um störf hjá Alcoa Fjarðaáli á capacent.is
Einnig veitir Svæðismiðlun Austurlands aðstoð.

Hvað heldur UNIFEM gangandi?



Jónína Helga Þórólfsdóttir
Ritstjóri tímarits UNIFEM á Íslandi

UNIFEM þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna á alþjóðavísu á sér 30 ára sögu. Þegar sjóðurinn var stofnaður stóð til að hann starfaði í þau 10 ár sem kvennaáratugur Sameinuðu þjóðanna stóð yfir, eða frá 1975 til 1985. Undir lok þessa tímabils var ljóst að sjóðnum hafði með takmörkuðu fjármagni tekist að auka þekkingu og skilning á málefnum kvenna, stuðla að bættum lífskjörum þeirra og auknum réttindum. UNIFEM starfar enn því af nógu er að taka. UNIFEM á Íslandi var svo stofnað 1989, og hefur verið starfrækt sem félagsamtök síðan. Margt hefur áunnist með starfsemi UNIFEM og heilmikil gróska og líf eru í samtökunum á alþjóðavísu.

Á Íslandi er hugur í fólki því að áhugi á málefnum UNIFEM hefur aukist ár frá ári. Skrifstofa UNIFEM á Íslandi réð til sín framkvæmdastýru árið 2004 og hefur aukið starfsemi samtakana töluvert undangengin ár. Aukin starfsemi og umsvif kalla á meira fé en hingað til hefur utanríkisráðuneytið verið helsti styrktaraðili UNIFEM. Nýverið lýstu íslensk stjórnvöld yfir stuðningi við þau sjónarmið að auka bæri vægi jafnréttismála í alþjóðlegri þróunaraðstoð og styrkja starf UNIFEM. Ráðherra sagði að íslensk stjórnvöld myndu auka framlög til sjóðsins á komandi árum. Árið 2003 námu framlög Íslands til UNIFEM um 3 millj. kr. en á árunum 2004-2006 tífölduðust framlögin og samkvæmt fjárlagfrumvarpi fyrir árið 2007 má búast við 40% aukningu. Við fögnum þessu mjög.

UNIFEM á Íslandi leggur áherslu á að kynna og auka áhuga almennings á starfsemi samtakanna. UNIFEM er málsvári kvenna í þriðja heiminum og stuðlar að því að störf þeirra séu órjúfanlegur hluti efnahags- og félagslegrar framþróunar hvers þjóðfélags. Stór þáttur í starfsemi UNIFEM er að afla fjárlagframlaga frá hinu opinbera og nú einkaaðilum. Tímaritið í ár er tileinkað umræðunni um stuðning hins opinbera og einkageirans við félagsamtök á sviði þróunar og mannúðaraðstoðar, sem og viðskiptasiðferði fyr-

irtækja og samfélagslegrar ábyrgðar. Í tímaritinu eru fastir liðir eins og ávarp formanns UNIFEM þar sem hún rekur áherslu á 30 ára sögu samtakanna á alþjóðavísu og segir frá starfsemi UNIFEM á Íslandi. Því næst er ávarp Noleelen Heyzer, aðalframkvæmdastýru UNIFEM, í þýðingu Silju Báru Ómarsdóttur, forstöðumanns Alþjóðamálaaskrifstofu Háskóla Íslands og aðjúnkt í HÍ. Í ávarpi utanríkisráðherra er tekið fyrir gott samstarf milli ráðuneytisins og UNIFEM á Íslandi.

Sjöfn Vilhelmsdóttir tók við sem framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi í sumar og er viðtal við hana af því tilefni. Einnig fékk UNIFEM á Íslandi í fyrsta sinn verndara, Ásdís Höllu Bragadóttur. Við fáum að kynna frábæru starfi sem hún hefur unnið í þágu kvenna. Fyrsta sinn í ár tók UNIFEM á Íslandi þátt í samstarfi um kvenna-hlaup ÍSÍ með yfirskriftinni *hvert skref skiptir máli*. Um leið og konur voru hvattar til að huga að heilsunni var reynt að vekja konur til umhugsunar um mannréttindi kvenna í Afganistan. UNIFEM á Íslandi hefur átt viðburðaríkt ár. Í blaðinu rekur Sjöfn Vilhelmsdóttir atburði ársins og segir frá því sem framundan er.

Umræðan um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja hefur aukist til muna undangengin ár. Það sem ytti af stað þeirri þróun að fá einkafyrirtæki í samstarf til að ná þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna voru án efa svartsýnisráddir tíunda áratugarins, sem efuðust um árangur þróunaraðstoðar og ollu verulegum samdrætti þróunaraðstoðar. Jónína Einarsdóttir mannfraeðingur og Geir Gunnlaugsson barnalæknir drepa á sögu þróunaraðstoðar og hvernig áherslubreytingar á vali þróunarlanda komu sér oft illa fyrir allra fátækustu ríkin.

Sören Mandrup Peterson, starfsmaður Þróunarhjálp Sameinuðu þjóðanna (UNDP), greinir í stuttu viðtali frá tengslum UNDP og einkageirans. Eva Hrönn Steindórsdóttir viðskiptafræðingur tekur meðal annars fyrir hugtök samfélagslegrar ábyrgðar. Styrktarsjóður Baugs Groups hf. er starfræktur út frá hugmyndafræði samfélagslegrar ábyrgðar og Hreinn Loftsson, formaður stjórnar sjóðsins, ræðir um virkni hans.

Árið 2004 var lagður grunnurinn að reglum Calverts í þágu kvenna í samvinnu við UNIFEM en Calvert Group sérhæfir sig í fjárfestingum í verðbréfasjóðum sem uppfylla skilyrði um félagslega ábyrgð fyrirtækja. Elsa Guðmundsdóttir skrifar um Calvert og aðstoð sjóðsins við konur.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna leggur áherslu á ábyrga fjárfestingu með vísan til samfélagslegrar ábyrgðar. Í blaðinu er viðtal Hrunnar Gunnsteinsdóttur við Þorgeir Eyjólfsson, forstjóra sjóðsins.

Njótið vel og góðar stundir.

Jónína Helga Þórólfsdóttir



Efnisyfirlit

- 6 UNIFEM í þrjátíu ár – Guðrún Margrét Guðmundsdóttir stjórnarformaður landsnefndar fjallar um starfsemi UNIFEM.
- 11 Ávarp Noeleen Heyzer, aðalframkvæmdastýru UNIFEM – Starfsemi UNIFEM í 30 ár: Ögrandi viðfangsefni og umfangsmiklar breytingar.
- 12 Ávarp utanríkisráðherra – Valgerður Sverrisdóttir fjallar um aukin framlög til þróunarmála.

UNIFEM á Íslandi

- 15 Ný framkvæmdastýra UNIFEM – Sjöfn Vilhelmsdóttir segir frá sjálfri sér og starfsemi UNIFEM.
- 17 UNIFEM og Sjóvá Kvinnahlaup ÍSÍ – Jónína Þórólfsdóttir ræðir málefni kvenna í Afganistan.
- 20 Verndari UNIFEM á Íslandi – Ásdís Halla Bragadóttir tók stöðu verndara UNIFEM á árinu.
- 22 Á liðnu starfsári – Sjöfn Vilhelmsdóttir framkvæmdastýra tekur saman viðburði ársins og reifar það sem framundan er.

Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja og þróunaraðstoð

- 26 Slæmur félagsskapur: Um þróunaraðstoð til fátækustu ríkja heims – Jónína Einarsdóttir, mannfræðingur og lektor við Háskóla Íslands, og Geir Gunnlaugsson, barnalæknir og forstöðumaður Miðstöðvar heilsuverndar barna, ræða þróunaraðstoð á alþjóðavísu.
- 31 Hnatrænn samningur Sameinuðu þjóðanna – Jónína Þórólfsdóttir hleypur yfir tíu reglur samningsins.
- 32 Þátttaka einkageirans í þróunaraðstoð, hnatrænn samningur Sameinuðu þjóðanna – Jónína Þórólfsdóttir tók viðtal við Sören Mandrup Peterson sem starfar hjá Þróunarhjálp Sameinuðu þjóðanna.
- 34 Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja, markaðsbrella eða raunveruleg skuldbinding – Eva Hrönn Steindórsdóttir viðskiptafræðingur fjallar ítarlega um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja, kenningar og virkni.
- 40 Styrktarsjóður Baugs Groups hf. – Hreinn Loftsson, formaður stjórnar Baugs Groups hf., fjallar um verkefni sjóðsins.
- 42 Reglur Calvert – Jónína Þórólfsdóttir reifar á grunnhugmyndum Calvert verbréfasjóðsins.
- 44 Kvinnastefna Calverts og óbein framlög fyrirtækja til þróunarmála – Elsa Guðmundsdóttir segir frá fjárfestingasjóði Calverts.
- 47 Lífeyrissjóður verzlunarmanna og ábyrg fjárfesting – viðtal Hrundar Gunnsteinsdóttur við Þorgeir Eyjólfsson, forstjóra Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

Vissir þú að ...

... konur og börn eru 80% flóttamanna heims • Konur vinna 2/3 hluta allra vinnustunda en eiga aðeins 1% eigna í heiminum og fá aðeins 10% af heimstekjum í sinn hlut • Konur framleiða og selja 3/5 hluta af fæðu í heiminum • Þriðja hver kona í heiminum verður á lífsleiðinni fórnarlamb kynbundins ofbeldis • Ofbeldi gegn konum eykst til muna á stríðs-tímum og í kjölfar átaka • Stúlkur undir 16 ára aldri verða fyrir 40-60% allra kynferðisglæpa • Ungar konur í Afríku á aldrinum 15-24 ára eru þrisvar sinnum líklegri til að smitast af HIV/alnæmi en karlar á sömu slóðum og á sama aldri • Um 2 milljónir stúlkna eru umskornar á hverju ári • Konur eru 16% þingmanna í heiminum ...

UNIFEM vinnur að því að breyta þessari stöðu.

Markmið UNIFEM er að:

- Efla efnahagslegt öryggi og réttindi kvenna og gera þeim kleift að tryggja sér öruggt lífsviðurværi.
- Efla þátttöku kvenna í stjórnun, pólitískri stefnumótun og ákvörðunartökufæri, friðarumleitunum og uppbyggingu í kjölfar átaka.
- Stuðla að því að mannréttindi kvenna séu virt og að ofbeldi gegn konum verði ekki liðið.

Markmið UNIFEM á Íslandi er að:

- Kynna og auka áhuga almennings á starfsemi UNIFEM.
- Vera málsvari kvenna í þróunarlöndum og á áttakasvæðum með það að leiðarljósi að störf þeirra séu órjúfanlegur hluti efnahags- og félagslegrar þróunar.
- Afla fjárframlaga til starfssemi UNIFEM frá hinu opinbera og einkaaðilum.

Leggðu þitt af mörkum

Þú getur gerst félagi að UNIFEM á Íslandi og/eða styrktaraðili Ofbeldissjóðs UNIFEM. Kíktu á heimsíðu okkar, www.unifem.is, eða sendu upplýsingar um nafn, heimilisfang og póstnúmer í tölvupósti á unifem@unifem.is.



Ljósmynd: Spófr Vilhelmsdóttir

UNIFEM í þrjátíu ár

„Mér fannst það hljóta vera áhugamál hjá konum að styðja aðrar konur til betra lífs,“ sagði Sæunn Andrésdóttir, einn stofnenda UNIFEM á Íslandi, í viðtali við Tímarit UNIFEM um árið. Með þessum orðum fangaði Sæunn kjarnann í starfsemi UNIFEM. Í þeim felst ekki sú þjóðhverfa (ethnocentric) og úrelta sýn að við Vesturlandakonur eigum að bjarga konum í þróunarlöndum og færa þeim betra líf. Þvert á móti felst í orðunum sá sannleikur að konum er alls staðar mismunað á forsendum kynferðis, þótt birtingarmyndirnar séu vissulega ólíkar – launamisrétti, mansal, kynbundið ofbeldi, fátækt, alnæmi og ólæsi, svo dæmi séu tekin. Með því að bera hag kynsystra okkar á heimsvísu fyrir þrjósti og krefjast jafnréttis alls staðar, styðjum við aðrar konur til betra lífs og um leið okkur sjálfar. Svo einfalt er það! Með samstöðunni drögum við þar að auki úr áhrifum þess endingargóða og djúpstæða samfélagskerfis sem hefur staðsett konur skör lægra en



Guðrún Margrét Guðmundsdóttir
Stjórnarformaður landsnefndar fjallar
um starfsemi UNIFEM.

Guðrún Margrét, tók við formennsku
í september 2006.

karla frá örófi alda. Má segja að UNIFEM sé vettvangur fyrir fólk sem vill taka þátt í jafnréttisbaráttunni á alþjóðavísu. Sjá má skýr ummerki þessarar hugsunar í starfsemi UNIFEM. Á landskrifstofunum er unnið í nánnum tengslum við grasrótahræfingar svo að hægt sé að greina hvar skórin krepur og hvert beina skuli atvögnin til að verkefni skili sem mestum árangri. UNIFEM og heimakonur skilgreina í sameiningu hvar breytinga og aðstoðar er þörf. Rétt er að benda á að höfuðstöðvar UNIFEM eru í New York en 17 landsnefndir starfa í iðnvæddum ríkjum þar sem unnið er að fjáröflun og stuðningsverkefnum. Við erum ein þeirra.

Merk tímamót

UNIFEM, sem ýmist gengur undir nafninu Þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna eða Kvennasjóður Sameinuðu þjóðanna, heldur upp á þrjátíu ára afmæli sitt í ár. UNIFEM var stofnað árið 1976 í kjölfar fyrstu heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna í Mexíkó (1975) sem undirstofnun Þróunarstofnunar SP (UNDP). Þess ber að geta að upprunalega var sjóðnum aðeins ætlað að starfa í þau 10 ár sem kvennaárátugurinn stóð yfir (1975-1985) en undir lok tímabilsins var ljóst að tilvist hans var enn brýn og ennþá á mörgu að taka. Svo virðist sem bág staða kvenna hafi víða komið enn betur í ljós eftir að UNIFEM beindi kastljósinu að þeim. Á skömmum tíma og með takmörkuðu fjármagni hafði sjóðnum tekist að auka þekkingu og skilning á málefnum kvenna, stuðla að bættum lífskjörum þeirra og auknum réttindum. Óhugsandi var fyrir þá sem sinnt höfðu starfinu að því skyldi hætt að svo komnu.

Yfirskrift ársskýrslu UNIFEM nú á 30. afmælisári Kvennasjóðsins er *30 Years of Challenge, 30 Years of Change*. Vísar heitið í þau fjölmörgu, viðamiklu og oft viðkvæmu viðfangsefni sem sjóðurinn hefur unnið að undanfarna þrjátíu áratugi sem og góðan árangur sem náðst hefur við að bæta og styrkja stöðu kvenna víða um heim. Þróun starfsemi UNIFEM hefur tekið mið af ályktunum og samningum Sameinuðu þjóðanna tengdum málefnum kvenna. Má nefna CEDAW-samninginn (1979) sem felur í sér afnám allskynds mismununar gegn konum og Pekingáætlunina (1995), sem er framkvæmdáætlun í tólf liðum og skuldbindur þátttökuriki til að efla konur á öllum sviðum

samfélagsins og auka hlut þeirra í allri ákvarðanatöku. Þúsaldarmarkmiðin (2000) eru metnaðarfull markmið sem miða að því að auka jöfnuð í heiminum. Sú áhersla sem þau leggja á stöðu kvenna og jafnrétti kynjanna sýnir að konur eru miðlægur þáttur í öllu umbótaferli í alþjóðasamfélaginu. Ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 (2000) um konur, stríð og frið leggur ennfremur áherslu á mikilvægi þátttöku kvenna í friðaruppbyggingu og við innleiðingu lýðræðislegra stjórnarháttá.

Nýjar áherslur

Í upphafi lagði UNIFEM megináherslu á upplýsingaöflun um stöðu kvenna og að koma á samstarfi og tengslaneti kvennasamtaka um allan heim. Strax frá upphafi var bent á mikilvægi stjórnmaláþátttöku og menntunarmöguleika kvenna sem og aðgerðir til að tryggja þeim efnahagslegt öryggi. Aðstoð við fátækar konur í þróunarlöndum var ein helsta áhersla UNIFEM í upphafi, einkum í Afríku. Eftir kvennaráðstefnuna í Naíróbí árið 1985 fór Kvennasjóðurinn að beita sér gegn ofbeldi á konum en sú áhersla hefur verið gegnumgangandi í starfi UNIFEM allar götur síðan. Breytingar á áherslum UNIFEM tengjast strauðum

maxil®

náttúruleg hreinsiefni fyrir gervitennur og munn



MAXIL FRAMLEIÐIR:

- Fjótandi tannsaðu
- Tannsteinshreinsi
- Tannburstasett
- Krem við særindum
- Tannlím
- Box

Aloe vera, tea-tree og fl. náttúruafurðir

maxil fæst í flestum apótekum

AÐAL-TANNSMÍÐASTOFAN
Íris Bryndís Guðnadóttir
klínískur tannsmíðameistari og tanntæknir
Hátúni 8 • jarðhæð • sími 552 5511 • irisbg@vortex.is

og stefnum í kvenna- og kynjafræðum sem og alþjóðastjórn-
málum. Í sprengikrafti annarrar bylgju femínisma á sjöunda
áratugnum kröfðust konur sýnileika og þess að raddir þeirra
heyrðust. Þær bentu á að konum væri haldið niðri lagalega,
efnahagslega og menningarlega og því þyrfti að breyta alls stað-
ar og með öllum tiltækum ráðum. Á áttunda áratugnum var æva-
fornri bannhelgi létt af kynbundnu ofbeldi. Kvennaathvörf voru
stofnuð, stuðningur og aðstoð fyrir fórnarlömb nauðgana skipu-
lögð og spjótum beint að óréttlátri löggjöf tengdri ofbeldi gegn
konum. Meginþungi kvennaráðstefnunnar í Peking árið 1995 var
á aukna pólitíska þátttöku kvenna og mikilvægi efnahagslegra
réttinda. Einnig var þar bent sérstaklega á aðkomu og þátttöku
kvenna í friðaruppbyggingu í kjölfar átaka. Samþætting kynja- og
jafnréttissjónarmiða var lykilhugtak sem kom fram í Peking. Það
felur í sér að samþætta eigi kynjasjónarmið öllu starfi Sameinuðu
þjóðanna. Konur skyldu ekki lengur álitnar minnihluta- eða sér-
hagsmunahópur sem taka þyrfti tillit til í vissum kringumstæð-
um, heldur viðurkennt að þær væru helmingur mannkyns sem
skyldi hafa áhrif á alla ákvarðanatöku og stefnumótun. Þessi við-
horf ríma við hugmyndir kynjafræðinnar sem á sama tíma hætt-
ir að einblína á konur og stöðu þeirra og fer í staðinn að skoða hið
félagslega skapaða kyn og áhrif þess. Þar að auki höfðu miklar
sviptingar orðið á sviði alþjóðastjórn mála. Annað stórveldið hafði
fallið og deilur milli þjóðarbrotu voru í algleymingi. Leita þurfti
nýrra úrlausnaleiða og um leið skapaðist rými til að samþætta
kynjasjónarmið á breiðari grundvelli.

Á Peking+10, kvennaráðstefnu í New York á síðasta ári, var lagt
mat á árangur framkvæmdaáætlunarinnar fyrrnefndu. Bent var á
að ofbeldi gegn konum væri viðvarandi vandamál sem héldi
áfram að hamla framförum í lýðræðisþróun. Ákveðið var að

leggja enn meiri þunga á málaflokkinn og er afnám ofbeldis gegn
konum nú eitt helsta baráttumál UNIFEM. Sérstakur ofbeldis-
sjóður var settur á laggirnar árið 1997 og er markmið hans að
styrkja verkefni sem beinast að útrýmingu kynbundins ofbeldis.
Verkefni sjóðsins eru nú yfir 200 talsins og miða m.a. að því að
auka skilning og þekkingu á málefnum með ýmiss konar auglýs-
ingaherferðum, rannsóknnum og eflingu samtaka á öllum sviðum
samfélagsins. Árið 2005 úthlutaði Ofbeldissjóðurinn 1,8 millj-
ónum bandaríkjadala til 24 hópa í þróunarrikjunum sem vinna
að afnámi kynbundins ofbeldis í samfélögum sínum. Alls bárust
sjóðnum 1.059 umsóknir. Rannsóknar- og þróunarsetrið Bisan í
Palestínu hefur hlotið styrk frá Ofbeldissjóði UNIFEM. Setrið
vinnur að eflingu og samhæfingu úrræða heilbrigðiskerfisins í
Palestínu til að taka á heimilisofbeldi og öðrum myndum kyn-
bundins ofbeldis. Með verkefninu er komið á fót samræðum milli
ólíkra aðila í leit að lausnum, ekki einungis milli heilbrigðisstarfs-
fólks heldur einnig trúarleiddtoga, kennara, félagsráðgjafa og
kvennasamtaka. Nadya Engler, starfskonu Bisan setursins, var
boðið til Íslands til að kynna verkefnið á árlegum morgunverð-
arfundi íslensku landsnefndarinnar á síðasta ári.

Óhætt er að segja að viðurkenning á mikilvægi jafnréttismála
fyrir þróun ríkja hefur aukist gríðarlega síðustu 30 ár og hafa
viðfangsefni UNIFEM að sama skapi orðið umfangsmeiri og fjöl-
breyttari. Nú skipta verkefni UNIFEM hundruðum og eru þau
afar ólík að umfangi og gerð. Kvennasjóðurinn vinnur jafnt með
stjórnvöldum og grasrótarsamtökum í þróunarlöndum og á
átakasvæðum við að auka þátttöku kvenna í samfélaginu og
verja grundvallarmannréttindi kvenna. Góð dæmi um árangur
eru hlutur kvenna á þjóðþingi Rúanda og kjör Ellenar Johnson
Sirleaf til forseta í Líberíu, en UNIFEM vann mikið starf við að

Görum betur!

– jafnrétti varðar okkur öll

Hlutföll kynjanna á Alþingi 2006
skipt eftir kjördæmum

>>>>>

0%-29%

30%-39%

40%-60%

Jafnréttisstofa



FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Konur 23
Karlur 40

Ógleymanleg
og dramatísk
saga



Meðal vændiskvenna, fátæklinga og drykkjumanna

Saga Ólafíu Jóhannsdóttur er samofin sögu íslenskra kvenna á ofanverðri níttjándu öld og fram yfir aldamótin 1900. Hún er jafnframt saga skaprikrar konu sem fór ævinlega sína leið og þegar öll sund virtust lokuð fann hún frelsi sitt og lífsbjörg í trú á kærleiksríkan Guð, sem öllu héldi í sinni hendi. Í krafti þess gerði hún sér heimili meðal vændiskvenna, fátæklinga og drykkjumanna í Ósló.

Dr. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir hefur um árabíl verið prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands. Bók hennar *Björg. Ævisaga* Bjargar C. Þorláksson hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2001.

JPV
JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is

virka konur til að kjósa og gefa kost á sér í báðum þessum löndum. Í Rúanda gafst konum tækifæri í kjölfar mikilla hörmunga að taka þátt í að móta nýtt og réttlátara samfélag. Á síðustu árum hafa einkafyrirtæki bæst í hóp samstarfsaðila UNIFEM og má þar nefna þátt sjóðsins að gerð siðferðisreglna í viðskiptum, *Calvert Women's Principles*, fyrir fyrirtæki og fjárfesta sem miða að auknu jafnrétti á vinnumarkaði og því að styrkja stöðu kvenna í viðskiptalífinu. Sambærilegar hugmyndir eru nú mjög á döfnni hér á landi og hefur landsnefndin mikinn áhuga á annars vegar að beita sér fyrir aukinni notkun slíkra reglna í íslensku viðskiptalífi og að auka samstarf við einkageirann.

UNIFEM á Íslandi var stofnað 18. desember 1989 fyrir tilstuðlan þriggja kvenna; fyrrnefndrar Sæunnar Andrésdóttur, Kristjönu Millu Thorsteinsson og Grétu Gunnarsdóttur. Óhætt er að segja að barn þessara hugsjónakvenna hafi vaxið og dafnað á síðustu 17 árum. Starfsemi UNIFEM fyrstu 14 árin einkenndist að mestu af vinnusamri stjórn og sjálfböðastarfi. Árið 2004 tók stjórn landsnefndarinnar þá árlagaríku ákvörðun að taka þátt í stofnun Miðstöðvar Sameinuðu þjóðanna. Hún samanstendur af UNIFEM, Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og UNICEF og í framhaldi var ráðin fyrsta framkvæmdastýra félagsins. Eðli málsins samkvæmt jókst starfsemi og umfang félagsins til muna við þessar breytingar.

Tvö meginmarkmiða landsnefndarinnar er að efla tengsl við félagi um allt land og kynna UNIFEM á Íslandi. Haldinn er árlegur morgunverðarfundur þar sem öllum félögum er boðið og reynt er að tryggja að hann sé haldinn bæði í Reykjavík og á Akureyri, en á Akureyri starfar hópur innan landsnefndarinnar. Árlega er er gefið út tímarit og það sent félögum. UNIFEM hefur staðið fyrir kynningu, t.d. með því að veita fræðslu um jafnréttis- og þróunarmál í framhaldsskólum og hjá Íslensku friðargæslunni. Landsnefndin hefur einnig lagt áherslu á samvinnu við kvenna-hreyfinguna. Félagið hefur tekið virkan þátt í slíkri samvinnu á síðustu árum og í tvi-gang leitt samstarfið í kringum 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi. Landsnefnd UNIFEM tók einnig virkan þátt í skipulagningu og framkvæmd atburða tengdum kvennaárinu 2005.

PINN HÓPUR

ÓVISSUFERÐIR, GÆSIR, VINNUSTAÐIR, SAUMAKLÚBBAR... BÓKAÐU EIGIN HÓP, EÐA KOMDU ÞEGAR ÞÉR HENTAR.

Keramik fyrir alla

LAUGAVEGI 48B, SÍMI 552 2882, WWW.KERAMIK.IS.

Sumarið 2006 fór UNIFEM í samstarf við Íþrótt- og ólympíusamband Íslands í kringum kvennahlaup ÍSÍ og Sjóvá. Í gegnum þennan viðburð fengu 12.000 konur um allt land að heyra um starfsemi UNIFEM, sérstaklega í gegnum slagorð hlaupsins, *hvert skref skiptir máli*. Þessi samstarfs-vettvangur og kynning-



Ljósmynd: UNICEF

in sem skapaðist í kringum hann voru dýrmæt fyrir landsnefndina og vonast er til að framhald verði á samstarfinu á komandi árum.

Þá hefur verið markvisst unnið að því að efla tengsl við stjórnvöld. Framkvæmdastýra hefur unnið beint og óbeint með fulltrúum stjórnvalda, t.d. sótt fundi Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna og tekið þátt í skilgreiningu á sérstökum UNIFEM-stöðum á vegum friðargæslunnar. Þá hefur utanríkisráðherra ávarpað gesti árlegs morgunverðarfundar félagsins og á liðnu ári tilkynnti ráðherra þar um stóraukin framlög íslenska ríkisins til UNIFEM. Það er fagnaðarefni hversu nán samvinna hefur náðst á milli hins opinbera og UNIFEM. Utanríkisráðherra hélt nýlega ræðu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna þar sem hún minntist sérstaklega á mikilvægi UNIFEM fyrir starfsemi þeirra. Í kjölfar ræðunnar hefur landsnefndin fengið mjög jákvæð viðbrögð og er nú gjarnan bent á að sá árangur sem hefur náðst hér á landi sé til eftirbreytni fyrir aðrar landsnefndir.

Framtíðarsýn

Á komandi ári stefnir landsnefndin að því að vinna enn frekar að þeim málum sem hafa verið efst á baugi síðustu árin. UNIFEM í New York hefur lagt aukna áherslu á að afla framlaga frá einkageiranum eins og fyrr er getið og hefur landsnefndin áhuga á að gera slíkt hið sama hér á landi. Í því augnamiði hefur verið settur á fót ráðgjafarhópur sem í sitja nokkrar athafnakonur en þær munu veita ráðleggingar um hvernig best er að markaðssetja málefnið sem UNIFEM vinnur að og fá stuðning einkageirans við þau. Á næsta ári verður Ofbeldissjóðurinn tíu ára gamall og því vel við hæfi að setja hann í forgrunn. Unnið verður að því að vekja athygli á sjóðnum og safna framlögum til hans.

Enn er margt óunnið í baráttunni fyrir jafnrétti og ljóst að Þróunarjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna er enn nauðsynlegur og á enn mikið verk fyrir höndum. Í látlausum orðum formóður landsnefndar UNIFEM á Íslandi sem vísað var til hér í upphafi óma þau einföldu skilaboð að með samstæðu átaki styðjum við aðrar konur til betra lífs og gerum um leið heiminn að að betri stað að búa á.

Starfsemi UNIFEM í 30 ár:

ögrandi viðfangsefni og umfangsmiklar breytingar

Fyrir þrjátíu árum tók kvennahreyfingin það verkefni sér fyrir hendur að stofna kvennasjóð innan Sameinuðu þjóðanna. Sjóðnum skyldi ætlað að bæta hag kvenna í þróunarlöndunum. UNIFEM varð til. Í þrjá áratugi hefur UNIFEM unnið með ýmsum samherjum í þeim tilgangi að veita konum mannréttindi, efla stöðu þeirra í heimi þar sem misrétti viðgengst, hjálpa konum að öðlast félagsleg og efnahagsleg tækifæri og aðstoða ríki heims við að skapa samfélög sem eru frjáls úr viðjum ofbeldis, fátæktar og misréttis.



Sem framkvæmdastjóri er ég stolt af því hvernig UNIFEM hefur notað fjármagn sitt, hugmyndir og samstarfsaðila til að breyta heiminum. Ég hef séð hvernig fjárfesting í leiðtogaþjálfun kvenna og aukin þátttaka þeirra hefur leitt til efnahagslegra og félagslegra breytinga. Þar sem misrétti viðgekkst áður búa konur nú við stjórnarskrártrygð mannréttindi og þær taka þátt í ákvarðanatöku í þorpum, þingum og ríkisstjórnunum.

Það þarf seiglu og þol til að ná fram breytingum. Eins og ársskýrsla UNIFEM sýnir þá er viðvarandi starf sjóðsins að lyk-

ilverkefnum og sterk tengsl hans við félagi (e. partners) grundvöllurinn að þeim árangri sem við getum fagnað í dag. Skömmu eftir að sjóðurinn var stofnaður tók UNIFEM að vinna með ýmsum kvennahreyfingum. Einn af fyrstu samstarfsaðilunum var Green Belt Movement, en stofnandi þeirra samtaka er Wangari Maathai sem hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 2004. Þá var UNIFEM einna fyrst til að leggja áherslu á sérstakar þarfir kvenna á átakasvæðum og að þeim þörfum þyrfti að mæta. Nú njótum við þess að ályktun öryggisráðsins nr. 1325 um konur, frið og öryggi hvetur konur til þátttöku í friðaruppbyggingu og tryggir að raddir þeirra heyrist í kosningum í kjölfar átaka. Við fögnum því einnig að fyrsta konan hefur verið lýðræðislega kjörin þjóðhöfðingi í Afríku, en það er einmitt Ellen Johnson Sirleaf í Líberíu sem hefur unnið fyrir UNIFEM að verkefnum sem tengjast konum, stríði og friði.

Í gegnum tíðina hefur UNIFEM brugðist við nýjum áskorunum og fagnað nýjum tækifærum til að vinna að málstað kvenna. Við vorum meðal þeirra fyrstu til að benda á að baráttan gegn eyðni og alnæmi er vonlaus nema tekið sé á misrétti kynjanna á sama tíma – nokkuð sem við sýndum með því að vinna náið með konum og körlum til að skapa vettvang fyrir umræðu um jafnrétti sem lýst er í ársskýrslu UNIFEM. Sjóðurinn nýtti sér einnig tækni til kynjaðrar greiningar á fjárlögum sem komu fram á sjónarsviðið á miðjum tíunda áratug síðustu aldar og ætluð eru til að skoða hversu ólík áhrif fjárlög ríkisins hafa á karla og konur. Við höfum stutt við þróun kynjaðra hagstjórnartækja í 30 löndum og í mörgum þeirra hafa þau leitt til umtalsverðra breytinga á opinberri stefnumótun.

Þótt margt hafi áunnist er enn ýmislegt ógert. UNIFEM mun halda áfram að sinna verkefnum sínum og mæta nýjum áskorunum, auk þess að halda uppi merkjum kvenna innan Sameinuðu þjóðanna. Við vitum hversu mikill kraftur býr í samstarfsaðilum okkar og erum opin fyrir því að skapa ný tengsl til að efla konur um allan heim. Einkageirinn hefur verið okkur mikilvægur á nýliðnum árum. Árið 2005 myndaði UNIFEM tengsl við Calvert, sem er stærsti verðbréfasjóðurinn sem fjárfestir út frá félagslega ábyrgum sjónarmiðum. Í sameiningu unnum við að því að þróa kvennareglur Calverts sem eru heildstæðar reglur um hegðun fyrirtækja út frá kynjajafnrétti og eflingu kvenna. Síðast en ekki síst fögnuðum við því snemma á árinu 2006 að leikkonan Nicole Kidman varð velgjörðarsendiherra UNIFEM.

Á 30 ára afmæli okkar óska ég þess að UNIFEM eflist enn frekar og nái til fleira fólks sem hefur getu til að breyta þeim aðstæðum sem konur lifa og vinna við, og þannig skapist réttlátara samfélag um heim allan.



Noeleen Heyzer
Aðlfamkvæmdastýra UNIFEM

Ávarp utanríkisráðherra



Á þessu ári eru 30 ár liðin frá stofnun UNIFEM – Þróunarsjóðs Sameinuðu þjóðanna fyrir konur, en upphaflega átti sjóðurinn einungis að starfa til tíu ára og miðast við kvennaáratug Sameinuðu þjóðanna. Landsnefnd UNIFEM á Íslandi hefur starfað í 17 ár og hefur náð sérlega góðum árangri í starfi sínu, ekki síst með því að vekja Íslendinga til vitundar um stöðu kvenna í þróunarríkjum, sem oft er afar bágborin.

Í ræðu minni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í september sl. lagði ég ríka áherslu á mikilvægi starfsemi UNIFEM. Ísland á um þessar mundir sæti í kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna þar sem gott tækifæri gefst til að leggja þessum málaflokki lið á alþjóðlegum vettvangi. Þá hafa utanríkisráðuneytið og landsnefnd UNIFEM á Íslandi á undanförunum árum byggt upp og styrkt samstarfið sín á milli og tel ég afar mikilvægt að halda áfram á þeirri leið.

Framlög Íslands til þróunarsamvinnu hafa aukist hratt frá árinu 1999 og gert er ráð fyrir að fram til ársins 2009 muni þau hátt í þrefaldast. Framlög til UNIFEM hafa tífaldast á undanförunum tveimur árum og gert er ráð fyrir að auka framlög til sjóðsins enn frekar.

Aukin framlög til þróunarsamvinnu hefur í för með sér mikla ábyrgð og kallar á að leitað sé nýrra leiða hvað varðar framkvæmd og skipulag þróunarsamvinnu Íslands. Stefnumið þróunarsamvinnu Íslands fyrir tímabilið 2005-2009 leggja grunninn að áframhaldandi vexti íslenskrar þróunarsamvinnu og innan þessa ramma vil ég leggja sérstaka áherslu á málefni kvenna og barna.


Nú styðja íslensk stjórnvöld mörg góð verkefni á vegum UNIFEM og annarra stofnana sem hafa með málefni kvenna og barna að gera. Stuðningur við ofbeldissjóð UNIFEM, sem berst gegn ofbeldi gegn konum, var þrefaldaður í fyrra og gert er ráð fyrir enn frekari aukningu. Stuðningur við verkefni á vegum UNIFEM í Afganistan er mikilvægur þáttur í að bæta hag kvenna þar í landi. Þá hefur samstarfsverkefni Íslensku friðargæslunnar og UNIFEM á Balkanskaga gefið góða raun og nær það verkefni nú til sjö landa. Nýlega kynnti ég breyttar áherslur í verkefnavali Íslensku friðargæslunnar, sem eru vonandi til þess fallnar að hvetja konur til starfa í frekari mæli en verið hefur.

Enn er mikið verk óunnið hvað varðar réttindi og velferð kvenna í heiminum. Því eiga hugsjónir og starf UNIFEM brýnt erindi til okkar allra. Þá hefur verið sérlega ánægjulegt að fylgjast með ötulu starfi landsnefndar UNIFEM á Íslandi og vænti ég mikils og góðs af samstarfi okkar á komandi árum.

*Valgerður Sverrisdóttir
utanríkisráðherra*



UNIFEM á Íslandi




Dásemdir lífsins

Sælkeramatur í rómantísku umhverfi

Argentína - alltaf það besta



Barónsstíg 11a • 101 Reykjavík • Sími 551 9555 • www.argentina.is



Ljósmynd: Sjöfn Vilhelmsdóttir

Ný framkvæmdastýra UNIFEM

- Sjöfn Vilhelmsdóttir segir frá sjálfri sér og starfsemi UNIFEM

Sjöfn segðu mér aðeins frá sjálfri þér?

Ég er fædd á Ísafirði fyrir 36 árum síðan og ólst upp í Bolungarvík. Þegar ég lauk stúdentsprófi af náttúrufræðibraut frá Menntaskólanum á Ísafirði var ég full af útþrá og forvitni um framandi slóðir og harðákveðin í að leggjast í ferðalög áður en ég hæfi háskólanám. Ég ferðaðist til Rússlands, Mongólíu, Kína og Bandaríkjanna áður en ég hóf nám í stjórnmálafræði við HÍ árið 1993, auk þess dvaldist ég um sex mánaðaskeið í Gambíu í Vestur-Afríku sem sjálfboðaliði á vegum Rauða kross Íslands. Ég lauk BA-prófi í stjórnmálafræði árið 1996 og í lokaritgerð minni skrifaði ég um CEDAW-samninginn og hlutverk frjálsra félagasamtaka við framkvæmd hans. Ég fékk rannsóknarstyrk frá utanríkisráðuneytinu í tengslum við fjórðu kvennáráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Beijing árið 1995 sem ég nýtti til að fara á ráðstefnuna til að afla mér heimilda fyrir BA-ritgerðina og kynna mér þátttöku



Sjöfn Vilhelmsdóttir
Framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi

Helsta hlutverk landsnefndar UNIFEM á Íslandi er að virkja almenning, stjórnvöld, einkageirann og fjölmiðla í alþjóðalegri mannréttindabaráttu kvenna – allir hafa hlutverk og allir hafa eitthvað fram að færa. Þetta gerum við með því vekja vitund almennings og fjölmiðla um réttindastöðu og aðstæður kvenna í þróunarlöndunum og á áttaksvæðum með öflugum upplýsinga- og fræðslustarfi.

félagasamtaka í framkvæmd CEDAW í aðildarríkjum samningsins. Haustið 1996 hóf ég í meistaranám í alþjóðfræðum við háskólann í Denver í Bandaríkjunum þar sem ég sérhæfði mig í mannréttinda- og þróunarmálum. Í MA-náminu skoðaði ég mannréttinda- og þróunarmál út frá jafnréttis- og kvenfrelsisbaráttu og hafði mikinn áhuga á tengslum milli skipulagningar fullorðinsfræðslu og aukins frumkvæðisréttar (e. empowerment) kvenna í þróunarlöndunum og í flóttamannabúðum. Ég tók eitt námsmisseri sem starfsnemi hjá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna í Genf og MA-ritgerðin mín byggðist á vettvangsrannsókn minni um áhrif fullorðinsfræðslu á líf kvenna í Namibíu.

Að loknu námi réði ég mig sem verkefnisstjóra félagslegra verkefna þróunarsamvinnustofnunar Íslands í Namibíu og hafði yfirumsjón með grasrótarkerfum sem sneru að fullorðinsfræðslu kvenna og forskólamenntun barna í fátækrahverfum strandbæjanna Walvis Bay, Lüderitz og Swakopmund. Ég starfaði hjá Þróunarsamvinnustofnun til ársins 2005, fyrst rúm fjögur ár í Namibíu og síðan tvö ár sem útgáfu- og fræðslustjóri á aðalskrifstofunni hér í Reykjavík. Fyrir rúmi ári síðan fór ég að velta fyrir mér rekstri og stjórnun og skræði mig á Brautargengisnámskeið hjá Iðntæknistofnun. Brautargengisnámskeiðin eru sérstaklega ætluð konum sem hafa áhuga að stofna eigið fyrirtæki og kenna gerð viðskiptaáætlana sem og grunnatriðin í rekstri og stjórnun. Í framhaldinu vann ég frekar með viðskiptahugmynd mína um stofnun ráðgjafarfyrirtækis og tók að mér skammtíma-verkefni fyrir félagasamtök sem taka þátt í þróunarsamvinnu. Ég starfaði líka tímabundið sem ráðgjafi hjá ráðningarpjónustu á þessum tíma. Í júlí sl. tók ég við starfi framkvæmdastýru UNIFEM á Íslandi.

Hvað kom til að þú sóttist eftir starfi framkvæmdastýru UNIFEM?

Þegar ég sá starfið auglýst í Morgunblaðinu og hver helstu verkefni framkvæmdastýru voru og hvaða hæfniskröfur voru gerðar kom ekkert annað til greina en að sækja um. Út frá menntun minni og starfsreynslu auk áhuga á rekstri og stjórnun fannst mér starf framkvæmdastýru UNIFEM á Íslandi væri „hannað“ fyrir mig – ég gat ekki annað en sótt um og setti hugmyndir mínar um eigin rekstur á salt.

Hvaðan kemur þessi brennandi áhugi þinn á jafnréttis- og alþjóðmálum?

Satt að segja veit ég ekki alveg hvaðan áhugi minn á þessum málum kemur – stundum finnst mér að ég hafi bara fæðst svona. Ég hef alltaf haft mjög sterka réttlætiskennnd og ég var ekki gömul þegar bekkjarbræður mínir í Grunnskólanum í Bolungarvík byrjuðu að kalla mig rauðsokku. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á að ferðast og kynnast framandi menningu, alveg síðan ég man eftir mér. Ætli að það hafi ekki verið um svipað leyti og þegar ég var kölluð rauðsokka í fyrsta skiptið, þegar ég var 10–11 ára, að ég skrifaði í skólaritgerð að ég ætlaði að starfa við hjálparstörf í Afríku þegar ég yrði stór. Kannski má segja að mér hafi tekist að sameina sterka réttlætiskennnd, femínískar hugsjónir og löngunina til að ferðast í vali mínu á námi og starfsvettvangi.

Hvert telur þú vera helsta hlutverk samtaka eins og UNIFEM á Íslandi?

Helsta hlutverk landsnefndar UNIFEM á Íslandi er að virkja almenning, stjórnvöld, einkageirann og fjölmiðla í alþjóðalegri mannréttindabaráttu kvenna – allir hafa hlutverk og allir hafa eitthvað fram að færa. Þetta gerum við með því vekja vitund almennings og fjölmiðla um réttindastöðu og aðstæður kvenna í þróunarlöndunum og á áttaksvæðum með öflugum upplýsinga- og fræðslustarfi. Við vinnum með íslenskum stjórnvöldum og þrýstum á að þau auki framlög Íslands til UNIFEM og tali máli sjóðsins og mannréttindabaráttu kvenna á alþjóðlegum vettvangi. Það er einnig hlutverk okkar að virkja einkageirann og bjóða fyrirtækjum upp á samstarf og að styðja verkefni UNIFEM um allan heim.

Hvað finnst þér hafa áunnist og hvernig sérðu framtíðina sem nýráðin framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi?

Staða UNIFEM er mjög sterk á Íslandi og almenn þekking á starfi sjóðsins er mikil miðað við mörg önnur vestræn ríki. Landsnefndinni hefur tekist mjög vel til við að kynna UNIFEM meðal almennings og fjöldi félagsmanna, miðað við höfðatölu náttúrlega, er langmestur hér á landi. Landsnefndin hefur átt gott samstarf við utanríkisráðuneytið og þrýst á að opinber framlög til verkefna UNIFEM verði aukin og að kynjasjónarmið séu höfð að leiðarljósi við friðargæslustörf. Við sjáum góðan árangur af samstarfi okkar við ráðuneytið því að framlög Íslands til UNIFEM hafa stórukast síðustu tvö ár og boðuð hefur verið enn frekari aukning þeirra á næstu árum. Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra hefur lýst yfir að Ísland vilji styrkja stöðu UNIFEM innan Sameinuðu þjóðanna og lagt til nýjar áherslur í íslensku friðargæslunni sem miða að því að auka hlut kvenna, bæði hvað varðar verkefnaval og ráðningu friðargæsluliða.

Hvað framtíðina varðar þá vil ég auðvitað fjölga skráðum félögum og efla samstarfið við utanríkisráðuneytið en frekar. En mest örgrandi verkefni sem bíður okkar núna er að virkja einkageirann og fá fyrirtæki til að styðja starf UNIFEM. Fram að þessu hefur einkageirinn tekið lítinn þátt í verkefnum UNIFEM, hér á landi sem erlendis.



UNIFEM og Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ

Sýnum samstöðu og stuðlum að uppbyggingu fyrir konur í Afganistan – **hvert skref skiptir máli.**

UNIFEM og Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ tók höndum saman í ár með yfirskriftinni *hvert skref skiptir máli*. Meginmarkmið kvannahlaupsins er að hvetja og styðja konur á öllum aldri til aukinnar hreyfingar og heilsueflingar. Í ár var hlaupið einnig til stuðnings konum í Afganistan og hvatning til íslenskra kvenna að sýna samstöðu með þeim um leið og þær eflu eigin heilsu. Yfirskriftin, *hvert skref skiptir máli*, á svo sannarlega við þar sem aðstæður kvenna í Afganistan eru mjög bágbornar og næstu skref í uppbyggingu landsins skipta sköpun fyrir konur þarlendis.



Jónína Helga Þórólfsdóttir
Stjórnarkona UNIFEM á Íslandi

Staða kvenna í Afganistan er með því versta sem gerist í heiminum. Meðalaldur kvenna er um 44 ár, 80% kvenna eru ólæsar og tíðni mæðradauða er með því hæsta sem gerist eða um 1.750 á hverja 100 þúsund fæðingar. Nýburadauði er um 165 á hverja 1.000 fæðingar og yfir 25% barna deyja fyrir fimm ára aldur.

Áætlað er að um 12.000 konur hafi tekið þátt í kvennahlaupinu 10. júní síðastliðinn, en hlaupið var á yfir 90 stöðum um allt land. Í ár eins og undangengin ár hlupu íslenskar konur á erlendri grundu og var m.a. hlaupið í Belgíu, Kanada, Namíbíu og Sviss.

Jónína Þórólfsdóttir, stjórnarkona UNIFEM, starfaði á vegum Íslensku friðargæslunnar sem þróunarfulltrúi í Ghor-héraði í Afganistan. Hún fjallar hér um reynslu sína og starfsemi UNIFEM í Afganistan.

Staða kvenna í Afganistan

Staða kvenna í Afganistan er með því versta sem gerist í heiminum. Meðalaldur kvenna er um 44 ár, 80% kvenna eru ólæsar og tíðni mæðradauða er með því hæsta sem gerist eða um 1.750 á hverja 100 þúsund fæðingar. Nýburadauði er um 165 á hverja 1.000 fæðingar og yfir 25% barna deyja fyrir fimm ára aldur.

Ég fékk innsýn inn í líf afganskra kvenna þegar ég fór til Ghor-héraðs í Norðvestur-Afganistan árið 2006. Innsýn, segi ég, því að konur eru og hafa verið faldar fyrir ókunnugum, sérstaklega karlmönnum. Þegar ég ferðaðist til afskekktara þorpa í Afganistan hlupu konurnar iðulega inn í hús eða fóru í felur. Karlmennirnir sem ég vann með urðu sérstaklega meðvitaðir um þessar aðstæður og eftir að hafa horft upp á þetta í nokkra mánuði var haft á orði að ef kona gerðist svo frökk að láta sjá sig hlyti hún að hafa bein í nefinu.

Ekki er auðvelt fyrir konur í Afganistan að hafa sig í frammi og konur sem sækja fram á opinbera sviðinu, til að mynda á afganska þinginu, sæta líkamsárásam og hótunum. Í septemberlok var yfirmaður héraðsskrifstofu kvennamála í Kandahar, Safia Ama Jan, skotin fyrir utan heimili sitt. Hún var kennari, hafði barist fyrir réttindum kvenna, rekið leynilegan stúlknskóla á tímum Talibana og stofnað verkmenntaskóla fyrir konur. Hún setti á stofn sex skóla þar sem yfir 1.000 konur lærðu að baka og selja afurðir sínar. Hún kenndi konum einnig á tölvur. Haft var eftir syni Safia að hann og faðir hans hefðu reynt að fá hana til að hætta að vinna en hún lagði allt í sölurnar til að vinna að réttindum kvenna og trúði því að konur ættu að hafa sama rétt og karlmenn til að vinna fyrir sér.

Afganskar konur sem sækja fram þurfa að fást við menningalegar hindranir og hafa ekki alltaf stuðning frá samfélaginu. Þær mega ekki ferðast nema í fylgd föður, eiginmanns eða sonar. Þetta heftir konur í að sækja um vinnu, sækja fundi og viðburði almennt.

Í Afganistan var lagt upp með að ýta undir þátttöku kvenna á þingi með kynjakvóta, en a.m.k. 20% þingsæta verða að vera skipaðar konum og í héraðsráðum eiga a.m.k. 30% sætanna að vera skipaðar konum. Í september 2005 voru þingkosningar í Afganistan og náðu konur rétt rúmlega 20% sæta á þingi eða 68 sætum af 249, þ.e. nítján sætum yfir kvótann. Konur náðu svo 121 sæti af 420 sætum í héraðsráðum, en þar af voru þrjú sæti ómönnuð þar sem engar konur sóttust eftir þeim.

Áhersla á menntun stúlkna

Mikil þörf er á að mennta konur, en á tímum Talibana voru þær sviptar þeim rétti. Ólæsi meðal kvenna er um 80% en 51% meðal karla. Kaldhæðnislegt er að segja frá því að þessi hlutföll snúast við í héraðsráði. Konur sem sitja í héraðsráðunum eru gjarnan betur menntaðar en karlmenn í ráðunum. Í Ghor-héraði þar sem ég starfaði sátu fjórar konur í héraðsráði, allar læsar og skrifandi, en aðeins einn af níu karlmönnum.

Afganskar konur segja margar ástæður fyrir fámennum hópi kvenna í áhrifastöðum en sú sem vegur mest er skortur á menntun og stuðningur frá fjölskyldu og samfélagi. Einn af áhersluþáttum afgönsku ríkisstjórnarinnar og alþjóðasamfélagsins er að efla menntun stúlkna sem er talinn grunnur að þátttöku þeirra í uppbyggingu landsins.

Afar algengt er að kennslustundir fari fram undir berum himni, en einnig er kennt í tjöldum sem oftast nær eru gefin af UNICEF. Vegna veðurfars er upphaf skólaárs í upphafi nýs árs samkvæmt íslam, 21. mars, og stendur yfir sumartímann og fram í október eða nóvember, eftir því hvenær vetur sækir að. Í afskekktum þorpum í Ghor-héraði, og eflaust víða í Afganistan, voru stúlkur láttnar sinna búfenaði eða vinna á ökrunum en drengirnir gengu í skóla. Öryggisaðstæður hafa einnig versnað milli ára, þótt ekki eigi það við um Ghor-hérað, en í Suður-Afganistan var ráðist á 146 skóla í fyrra eða þeir brenndir en í september á þessu ári höfðu 158 skólar orðið fyrir slíkum árásum. Kennurum, börnum og foreldrum er hótáð og eins og gefur að skilja dregur mjög úr skólasókn.

Aðstæður í Afganistan eru víða slæmar og mikið uppbyggingarstarf liggur fyrir. Sagan kennir okkur að Afganistan hefur átt í stríði við nýlenduríki og nágrannalönd og innanlandserjur jafnframt staðið um árabíl. Þegar menn í áhrifastöðum hafa reynt að auka réttindi kvenna hefur það kallað á múgæsing og uppþot. Aðstæður allar eru því vandmeðfarnar. Hvert skref skiptir máli í þessari þróun og mikilvægt að konur séu þátttakendur. Þar spilar starf UNIFEM í Afganistan stóra rullu.

Starfsemi UNIFEM í Afganistan

UNIFEM hóf undirbúning að uppbyggingu með konum strax eftir fall Talibana-stjórnarinnar í Afganistan árið 2002. Ástandið var hörmulegt eftir að stríð hafði geisað í rúm þrjátíu ár. Fyrsta skrefið var að kanna þarfir og væntingar afganskra kvenna en UNIFEM leggur áherslu á að vinna með innlendum konum á þeirra forsendum.

Markmið með starfi UNIFEM í Afganistan er að efla réttindi afganskra kvenna, vinna að jafnrétti kynjanna og bæta getu og leiðtogaþæfileika kvenna til að tryggja þeim þátttöku í félagslegri, efnahagslegri og stjórnmálalegri endurreisn lands síns.

Í starfsemi UNIFEM í Afganistan er lögð mikil áhersla á að styðja við kvennamálaráðuneytið. Kvennamálaráðuneytið leggur mikið upp úr því að bæta lagalega stöðu kvenna og efnahagslega, pólitíska og samfélagslega stöðu um allt land. UNIFEM styður kvennamálaráðuneytið í samþættingu jafnréttissjónarmiða innan annarra ráðuneyta og við að koma á tengslum milli samtaka sem sinna baráttumálum kvenna og réttindum þeirra og annarra samtaka, sem og við afganska stjórnslu.

Verkefni á vegum UNIFEM í Afganistan eru fjölmörg en eitt það viðamesta er án efa uppbygging kvennamiðstöðva UNIFEM. Miðstöðvarnar eru nú 11 talsins víðsvegar um landið og er stefnt að því að stofnsetja fleiri á næstu árum. Óhætt er að segja að þarna sé unnið sannkallað frumkvöðlastarf á sviði þróunarmála. Kvennamiðstöðvarnar veita fjölbreytta þjónustu og fræðslu sem konur hafa svo sannarlega þörf fyrir. Sem dæmi um verkefni eru:

- Fullorðinsfræðsla, þ.e. lestrar- og skriftarkennsla.
- Iðn- og verkmenntun, t.d. skógerð, þurrkun ávaxta, handverk.
- Tölvukennsla.
- Frumkvöðlaþjálfun.
- Smálánþjónusta í samvinnu við Grameen-bankann.
- Leiðtogaþjálfun.
- Mannréttindafræðsla.
- Fræðsla um réttindi kvenna og lögfræðiaðstoð.
- Mæðra- og ungbarnaeftirlit.
- Heilsugæsluþjónusta.
- Heilbrigðis- og hreinlætisfræðsla.
- Sálgæsla og áfallahjálp.

Yfir 12 þúsund konur hafa nýtt sér aðstöðu kvennamiðstöðvanna og gegna þær mikilvægu hlutverki í lífi þessara kvenna. Miðstöðvarnar eru vettvangur fyrir konur til að hittast, finna samkennd og ráða ráðum sínum. Í sumum kvennamiðstöðvanna er boðið upp á dagvistun barna meðan mæður þeirra sinna náminu. Meira en helmingur kvennanna sem koma reglulega í miðstöðvarnar hafa tekið þátt í stofnun smáfyrtækja með aðstoð smálánabanka eins og Grameen-bankans, stofnandi bankans hlýtur friðarverðlaun Nóbels árið 2006. Konur hafa nýtt smálán, sem nema oftast 1.500-3.500 ísl. kr. til að:

- Kaupa búfé.
- Stofnsetja bakarí, sultugerð og sápuogerð.
- Hefja kjúklingarækt og býflugnarækt (hunangsgerð).
- Stofnsetja saumastofur og skógerð.

Sem dæmi um verkefni í fyrirtækjarekstri kvennanna má nefna að 10 saumakonur í Kabúl fengu ítalskan tískuhönnuð til samstarfs og úr varð lína sem vakti mikla athygli afganskra kvenna. Yfir 5.000 konur hafa verið þjálfaðar í því að þekkja réttindi sín, þær hafa lært að lesa og skrifa og setið námskeið varðandi heilbrigðis- og viðskiptamenntun. Þá hafa þær lært áfallahjálp og færni til að takast á við og minnka streitu. Þetta endurspeglar þörf fyrir samþættingu og tengslanet félagslegs stuðnings sem gerir konum kleift að sjá um sig sjálfar.

Framtíðarsýn UNIFEM í Afganistan

UNIFEM í Afganistan stefnir að styrkja samstarf sitt við kvenna-

Verkefni á vegum UNIFEM í Afganistan eru fjölmörg en eitt það viðamesta er án efa uppbygging kvennamiðstöðva UNIFEM. Miðstöðvarnar eru nú 11 talsins víðsvegar um landið og er stefnt að því að stofnsetja fleiri á næstu árum. Óhætt er að segja að þarna sé unnið sannkallað frumkvöðlastarf á sviði þróunarmála.

málaráðuneytið og koma á fót þjóðaráætlun fyrir konur í Afganistan. Það hefur jafnframt hug á að hanna kerfi sem byggist á þekkingu til að fylgjast með, meta og skýra frá stöðu kvenna sem verður samþætt í ráðuneytum og allri stjórnslu.

Heilmikið hefur áunnist með kvennamiðstöðvarnar í Afganistan en af nógu er að taka. Kvennamiðstöðvar UNIFEM skila góðu starfi og sumstaðar hefur þurft að leigja húsnæði í nálægum hverfum til að halda starfinu gangandi því að aðsóknin er mikil. Þar sem kvennamiðstöðvar eru staðsettar hefur einnig verið lögð áhersla á að starfa með héraðsskrifstofum kvennamálaráðuneytisins. Varðandi framtíð kvennamiðstöðvanna er lögð áhersla á að:

- Styrkja trú á kvennamálaráðuneytið og virkni kvennamiðstöðvanna í ljósi þess óöryggis sem konur búa við.
- Fjölga styrktaraðilum UNIFEM og tryggja frekara fé fyrir verkefni kvennamiðstöðvanna.
- Auka þjónustu sem kemur á móts við þarfir kvenna.

Eftir að hafa starfað í Afganistan og kynnst aðstæðum kvenna þar sér maður hvað starfsemi UNIFEM er mikilvæg í þessu umhverfi. Það að konur fái athvarf til að hittast og ræða reynslu sína, að þær fái að mennta sig og læra iðn, eitthvað sem við vestrænar konur lítum á sem sjálfsgöðan hlut. Slíkt afdrep skiptir sköpum fyrir afganskar konur til að þær geti orðið þátttakendur í samfélaginu, læri að sinna borgarlegum skyldum sínum, séu sýnilegar og tilbúnar að leggja sitt af mörkum. Enn er langur vegur ófarinn en *hvert skref skiptir máli*.



Verndari UNIFEM á Íslandi

Ásdís Halla Bragadóttir er fyrrverandi bæjarstjóri í Garðabæ en í maí 2005 tók hún við starfi forstjóra BYKO. Ásdís Halla hefur verið mörgum hvatning og góð fyrirmynd, og er það sannur heiður fyrir UNIFEM á Íslandi að fá hana sem verndara samtakanna en hún tók við því starfi í maí á þessu ári. Jónína Þórólfsdóttir ræddi við Ásdísi Höllu um hlutverk hennar sem verndara UNIFEM á Íslandi.

Þú gerðist verndari UNIFEM á Íslandi í maí síðastliðinn. Í hverju er starf þitt fólgið?

Mér fannst það vera mikill heiður að fá að gegna starfi verndara og tók það að mér með mikilli ánægju en starfið felst fyrst og fremst í því að tala máli UNIFEM og styðja við bakið á samtökunum á þann hátt sem mikilvægastur er hverju sinni. Stundum snýr það að starfinu inn á við en stundum út á við. Ég fæ fyrst og fremst tækifæri til að hitta þær ágætu konur sem eru í forsvari UNIFEM á Íslandi til að fara yfir með þeim hvað er mikilvægast hverju sinni og hvernig er hægt að ná meiri árangri í þágu þess málstaðar sem samtökin standa fyrir. Einstaka sinnum hef ég svo verið málsvari samtakanna út á við, t.d. fyrir kvannahlaupið síðasta sumar.

Þú hefur lagt áherslu á að starfa með konum í gegnum tíðina og m.a. verið í forsvari fyrir leiðtoganámskeið fyrir konur. Segðu okkur aðeins frá því?

Því miður er enn langt í land með að það eðlilega markmið náist að konur og karlar njóti sömu tækifæra á Íslandi. Vissulega hefur náðst mikilvægur árangur í jafnréttismálum en iðulega rekst maður þó á dæmi sem sýna að við eigum margt óunnið. Erfiðast er að glíma við þetta ósýnilega, viðmiðin og gildin um stöðluð hlutverk og ímyndir kynjanna. Eitt af því sem mig langar að skoða betur er sú upplifun mín frá þessum leiðtoganámskeiðum að mjög margar konur glími við lítið sjálfstraust, sektarkennd og einhvers konar sorg sem hindrar það að þær blómstri og finni kraftinn til að láta draumana rætast. Markmið mitt með þessum



Ásdís Halla Bragadóttir
Verndari UNIFEM á Íslandi

Stuðningur við konu sem býr við hrika-
legar aðstæður er um leið mikilvægur
stuðningur við börnin hennar og fjöl-
skyldu. Þetta kemur t.d. sérstaklega vel
fram þar sem UNIFEM hefur stutt við
menntun kvenna og þannig unnið sam-
hliða að því að styrkja konurnar sem ein-
staklinga en um leið að fræða þær svo að
þær geti frætt börnin sín eða hugað betur
að heilsu þeirra.

námskeiðum er að fá konur til að velta fyrir sér hvernig þær geta verið leiðtogar í eigin lífi og síðan auðvitað í lífi annarra kjósi þær það. Horfst í augu við eigin drauma og langanir, sett sér markmið til að komast þangað og um leið ýtt til hliðar eða jarðað þær hindranir sem eru í þeirra eigin hugarheimi og takmarka það að árangurinn náist. Sumar konurnar kjósa að nýta námskeiðin til að velta fyrir sér stöðu sinni á vinnumarkaðnum en aðrar kjósa að líta heldur inn á við í eigið einkalíf. Námskeiðin hafa verið gífurlega gefandi en mér telst til að á síðustu tveimur árum hafi hátt í tvö þúsund konur sótt þessi námskeið, sem t.d. hafa verið haldin í Garðabæ, Reykjavík, Seltjarnarnesi og í Ólafsvík. Annað sem hefur vakið athygli mína er mikilvægi þess að námskeiðin séu algjörlega endurgjaldslaus. Strax í upphafi langaði mig að prófa að hafa námskeiðin endurgjaldslaus og sú gríðarlega þátttaka sem náðist og mikið þakklæti sem ég fann studdi mig í þeirri skoðun að konur ættu að fá tækifæri til að velta þessum hlutum fyrir sér án þess að greiða fyrir. Því miður eru margar konur í þeim sporum að það er erfitt fyrir þær að réttlæta fyrir fjölskyldunni að þær verði fjarverandi í nokkur kvöld og síðan er jafnvel enn erfiðara fyrir þær að réttlæta að þær muni greiða fyrir þessa fjarveru. Ýmsar konur lýstu þessu fyrir mér og því miður fann ég það að efnahagslegt sjálfstæði margra kvenna er sorglega lítið, jafnvel þó að þær séu virkar á vinnumarkaði. Öllu þessu verður að breyta en það mun taka langan tíma.

UNIFEM hefur verið starfrækt í 30 ár og barist fyrir mannréttindum kvenna á alþjóðavísu. Á Íslandi búum við við annan raunveruleika en þriðja heimsþjóðir búa við, hverja telur þú þörfina vera á starfsemi UNIFEM á Íslandi?


Þörfin fyrir starfsemi UNIFEM á Íslandi er mikil. Annars vegar eru brýn verkefni hér á landi sem UNIFEM gæti á einhverjum tímapunkti tekið þátt í. Hins vegar er það auðvitað meginhlutverk UNIFEM, sem felst í því að vekja Íslendinga til meðvitundar um að við getum lagt af mörkum til að bæta stöðu kvenna víða um heim. Þó að hér megi margt bæta er staða kvenna á Íslandi sérstaklega sterk í alþjóðlegu samhengi og við verðum að nýta þá

Enn er það þó svo að í miklum meirihluta tilvika eru konur saklaus fórnarlömb hrikalegs ofbeldis. Á meðan svo er megum við ekki gleyma því að það eru ekki bara fátækar konur úti í hinum stóra heimi sem þurfa aðstoð. Íslenskt samfélag verður einnig að gera allt sem hægt er til að hafna því ofbeldi sem konur hér á landi eru beittar.

Þekkingu og reynslu sem hér er til að miðla annað. Við eigum einnig að nýta þann styrk sem hér er, t.d. fjárhagslega, til að leggja af mörkum til kvenna þar sem þörfin er mest. Stuðningur við konu sem býr við hrikalegar aðstæður er um leið mikilvægur stuðningur við börnin hennar og fjölskyldu. Þetta kemur t.d. sérstaklega vel fram þar sem UNIFEM hefur stutt við menntun kvenna og þannig unnið samhliða að því að styrkja konurnar sem einstaklinga en um leið að fræða þær svo að þær geti frætt börnin sín eða hugað betur að heilsu þeirra.

Megináherslur UNIFEM eru eftirfarandi: i) stjórnun, friður og öryggi, ii) ofbeldi gegn konum, iii) konur, fátækt, efnahagur og iv) mannréttindi. Hvað finnst þér helst mæða á, þ.e. mundir þú vilja beita þér sérstaklega fyrir ákveðnum málaflokki?

Ef konur líkt og karlar búa ekki við öryggi og efnahagslegt sjálfstæði þá er mjög erfitt að ræða um aðrar leiðir að bæta líf þeirra. Mikilvægi þess að tryggja efnahag og öryggi einstaklinga er grundvallarforsenda fyrir auknum lífsgæðum í víðari skilningi. Þessir fjórir þættir sem nefndir eru hanga allir mjög mikið saman en það er t.d. mjög erfitt að ræða við konu um lýðræðislegan rétt hennar til kosninga eða eðlileg tækifæri til náms ef hún hefur ekki í sig og á og býr við ofbeldi eða hörmungar stríðs. Áherslurnar verða því að fara eftir aðstæðum í viðkomandi landi. Því miður er það víða svo að konurnar búa við svo hörmulegar aðstæður að byrja verður algjörlega frá grunni en annars staðar er hægt að beita öðrum leiðum. Þegar ég heyri þessi hugtök þá kemur ekkert síður upp í hugann að hér á landi, á Íslandi árið 2006, búa alltof margar konur við hrikalegt ofbeldi, meira að segja inn á eigin heimilum, og einnig ber að nefna þær óhugnalegu nauðganir sem verið hafa áberandi í fjölmiðlum í haust. Einungis hluti þeirra kemur þó upp á yfirborðið. Margir karlar búa einnig við mjög dapurlegar aðstæður sem vinna verður gegn. Enn er það þó svo að í miklum meirihluta tilvika eru konur saklaus fórnarlömb hrikalegs ofbeldis. Á meðan svo er megum við ekki gleyma því að það eru ekki bara fátækar konur úti í hinum stóra heimi sem þurfa aðstoð. Íslenskt samfélag verður einnig að gera allt sem hægt er til að hafna því ofbeldi sem konur hér á landi eru beittar.



ENNEWM / SIA / NMI/0087

EKKI VERA ÞINN VERSTI ÓVINUR

Allir hafa hæfileika. Finndu þína og ræktaðu. Ekki gefast upp. Leitaðu hjálpar ef þú þarft.



LÝÐHEILSUSTÖÐ
- lífið heil



Ljósmynd: UNICEF

Á liðnu starfsári

Starf UNIFEM á Íslandi á 30. afmælisári UNIFEM hefur verið viðburðaríkt. Samstarf okkar við íslensk stjórnvöld hefur skilað góðum árangri. Utanríkisráðherra boðaði á dögum aukin framlög til UNIFEM og að meiri áhersla yrði lögð á jafnréttismál í íslenskrri þróunarsamvinnu. Einnig hefur verið ákveðið að breyta áherslum Íslensku friðargæslunnar með það að markmiði að auka vægi jafnréttissjónarmiða í verkefnavali og starfsráðningum. Þá hafa almenn-ingur og fjölmiðlar sýnt starfi UNIFEM aukinn áhuga sem sást vel í fjölmiðlaumfjöllun í tengslum við kvennahlaup ÍSÍ sem og í fjölda nýrra félaga á árinu. Samvinna við önnur félagasamtök, innan kvenna-hreyfingarinnar og við önnur mannúðarsamtök í þróunarsamvinnu, hefur verið einstaklega árangursrík og gefandi sem og samstarf okkar við aðrar landsnefndir UNIFEM. Sjöfn Vilhelmsdóttir framkvæmdastýra tekur saman viðburði á liðnu starfsári og hvað er framundan.

Árlegur morgunverðarfundur UNIFEM

Árlegur morgunverðarfundur landsnefndar UNIFEM var haldinn 25. nóvember 2005 á Hótel Loftleiðum og var hann vel sóttur. Fundurinn var haldinn á *alþjóðlegum baráttudegi gegn ofbeldi gegn konum* og markaði upphafið að *16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi*. Heiðursgestur og aðalfyrirlesari fundarins var Nadya Engler frá rannsóknar- og þróunarseitri Bisan í Palestínu en Bisansettrið var meðal styrkþega Ofbeldissjóðs UNIFEM árið 2004. Í erindi sínu sagði Engler frá starfi Bisansetursins við að efla og samhæfa úrræði í heilbrigðiskerfi Palestínu til að taka á heimilisofbeldi og öðrum myndum kynbundins ofbeldis. Einnig fluttu ávörp á fundinum Edda Jónsdóttir, fyrir hönd stjórnar landsnefndarinnar, og Geir Haarde, þáverandi utanríkisráðherra, sem tilkynnti ákvörðun stjórnvalda um að leggja til viðbótarframlag upp á 12,5 millj. kr. í verkefni UNIFEM á Balkanskaga. Á fundinum voru einnig flutt minningarorð um Erlu Halldórsdóttir, stofnanda *Candle Light Foundation* í Úganda, en hún féll frá í desember 2004

eftir stutta en erfiða sjúkdómslegu. *Candle Light Foundation* er stuðningsverkefni fyrir heimilislausar unglingsstúlkur í höfuðborg Úganda og hefur UNIFEM á Íslandi stutt verkefnið undanfarin tvö ár með fjárframlagi.

Hádegisfundur norðanhóps UNIFEM á Akureyri

Sama dag og morgunverðarfundurinn var haldinn stóð landsnefndin fyrir hádegisfundi í Háskólanum á Akureyri. Markmið fundarins var að vekja athygli á starfi UNIFEM gegn kynbundnu ofbeldi. Framkvæmdastýra landsnefndarinnar hélt erindi um starf UNIFEM og verkefni sem Ofbeldissjóðurinn hefur stutt víða um heim. Einnig kynnti Amal Tamini, stjórnarkona í UNIFEM og formaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna, starf Bisan rannsóknar- og þróunarseitursins og fjallaði almennt um stöðu kvenna í Palestínu. Fundurinn var jafnframt framhaldsstofnfundur norðanhóps UNIFEM á Íslandi en stofnun hópsins er hluti af átaki landsnefndarinnar við að efla starfsemi sína á landsbyggðinni.

Tímarit UNIFEM 2005

Tímarit UNIFEM á Íslandi 2005 kom út um miðjan desember. Ritsstjóri tímaritsins var Edda Jónsdóttir, stjórnarkona í UNIFEM. Í tímaritinu var sérstök áhersla lögð á umfjöllun um 30 ára afmæli kvennaárs Sameinuðu þjóðanna, um áhrif kvennaáratugarins á íslenskt samfélag, kvennaráðstefnur Sameinuðu þjóðanna og áhrif þeirra á jafnréttisbaráttuna á alþjóðavísu.

16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

UNIFEM stóð fyrir 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi í annað sinn dagana 25. nóvember til 10. desember 2005. Alþjóðleg yfirskrift átaksins var *Heilsa kvenna, heilsa mannkyns: Stöðvum ofbeldið*. Fjöldi félagasamtaka tók þátt í áttakinu og stóðu fyrir fundum, málþingum, greinaskrifum, gjörningum og öðrum viðburðum, en landsnefnd UNIFEM og Samtök um kvennaathvarf höfðu umsjón með undirbúningi og framkvæmd átaksins.

Aðalfundur UNIFEM á Íslandi

Aðalfundur landsnefndarinnar var haldinn í febrúar og var ágætlega sóttur. Miklar breytingar urðu á stjórn landsnefnd-



Verndari UNIFEM á Íslandi skrifar undir samstarfssamning.

arinnar þar sem Rósa Erlingsdóttir formaður, Lilja Hjartardóttir varaformaður og Brynhildur Einarsdóttir og Guðrún Rebekka Jakobsdóttir varamenn létu af störfum. Edda Jónsdóttir tók við sem formaður og Guðrún Margrét Guðmundsdóttir sem varaformaður. Drífa Hrönn Kristjánsdóttir og Silja Bára Ómarsdóttir komu inn í aðalstjórn og Anna Lúðvíksdóttir, Friðbjörg Ingimarsdóttir og Guðrún R. Jónsdóttir gáfu kost á sér í varastjórn. Einnig sitja í stjórninni Elsa Guðmundsdóttir, gjaldkeri stjórnar, Amal Tamimi, Hrund Gunnsteinsdóttir, Jónína Helga Þórólfsdóttir og Magnea Marinósdóttir sem allar eru meðstjórnendur. Auk hefðbundinna aðalfundastarfa flutti Lilja Hjartardóttir stjórn málafræðingur og fráfarandi stjórnarkona UNIFEM erindi um stöðu kvenna í Afganistan.

Samstarf við Félagið Ísland – Palestína

Landsnefnd UNIFEM og Félagið Ísland – Palestína tóku höndum saman til að vekja athygli á stöðu kvenna í hertekinni Palestínu og stóðu fyrir fjársöfnunarátaki. Átakið hófst formlega 25. maí með tónleikum á Grand rokk þar sem fjórar hljómsveitir og plötusnúðurinn Mr. Silla komu fram. Rúmlega 110 þúsund kr. söfnuðust í aðgangseyri og sölu á varningi á tónleikumum og rann ágóðinn til Bisan rannsóknar- og þróunarsetursins í Ramallah og til palestínskra kvennasamtaka á herteknu svæðunum sem starfa á sviði mannúðar- og mannréttindamála.

Jafnréttisnámskeið fyrir friðargæsluliða

Landsnefndin átti gott samstarf við Íslensku friðargæsluna á árinu við að auka vægi jafnréttis- og kynjasjónarmiða við þjálfun nýrra friðargæsluliða. Landsnefndin þróaði námskefni, setti saman kennslugögn og hélt þrjú námskeið um jafnréttis- og kynjasjónarmið við friðaruppbyggingu fyrir nýliða friðargæslunnar á árinu.

Samstarf við kvannahlaup ÍSí

Landsnefndin og kvannahlaupsnefnd ÍSí gengu til samstarfs um hlaupið í ár, sem kennt er við Sjóvá. Markmið samstarfsins var að vekja athygli á starfi UNIFEM í þágu kvenna, sérstaklega í Afganistan, og hvetja íslenskar konur til að sýna samstöðu með mannréttindum kvenna um leið og þær efla eigin heilsu. Yfirskrift kvannahlaupsins var *hvert skref skiptir máli* og tóku um 12 þúsund konur um allt land þátt í hlaupinu. Ákveðið var að 50 kr. af hverjum seldum kvannahlaupsbol rynnu til kvennamiðstöðva UNIFEM í Afganistan og söfnuðust þannig um 594 þúsund kr.

Eitt helsta viðgangsefni landsnefndarinnar á þessu ári hefur verið að leita leiða til að virkja einkageirann í starfi UNIFEM. Í því augnamiði var settur á fót ráðgjafarhópur nú á haustmánuðum sem í sitja nokkrar athafnakonur en þær munu veita landsnefndinni ráðleggingar um hvernig best er að markaðssetja þau málefni sem UNIFEM vinnur að og fá stuðning einkageirans við þau.



Rithöfundurinn Immaculée Ilibagiza hélt fyrirlestur í tengslum við útgáfu bókar sinnar, *Ein til frásagnar. Talið frá vinstri Guðrún stjórnarformaður, Sjöfn framkvæmdastýra, Immaculée, Silja Bára varaformaður og Jónína meðstjórnandi.*

Bleik UNIFEM-armbönd til styrktar konum í Afganistan

Samhliða kvannahlaupi ÍSí stóð landsnefndin fyrir sölu á bleikum UNIFEM-armböndum til styrktar konum í Afganistan. Armböndin voru seld þar sem kvannahlaupið fór fram, í verslunum og líkamsræktarstöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess voru nokkur íþróttarfélög landsnefndinni innan handar við sölna úti á landsbyggðinni. Um 700 þúsund kr. söfnuðust og rennur ágóðin til kvennamiðstöðva UNIFEM í Afganistan.

Verndari UNIFEM á Íslandi

Ásdís Halla Bragadóttir tók að sér hlutverk verndara UNIFEM á Íslandi í maí og gegnir hún hlutverkinu í tvö ár hið minnsta. Sem verndari mun Ásdís Halla koma fram fyrir hönd landsnefndarinnar og vekja almenning til vitundar um starfsemi UNIFEM og er hlutverk hennar sambærilegt hlutverki velgjörðarsendiherra UNIFEM ytra. Fyrsta verkefni Ásdísar Höllu var að vekja athygli á verkefnum UNIFEM í Afganistan í fjölmiðlum í tengslum við kynningu á kvannahlaupinu í júní.

Ný framkvæmdastýra

Sjöfn Vilhelmsdóttir tók við starfi framkvæmdastýru UNIFEM á Íslandi um mitt ár er Birna Þórarinsdóttir, sem hafði gegnt starfinu frá 2004, lét af störfum og hélt utan til framhaldsnáms. Sjöfn er stjórn málafræðingur að mennt með meistaragráðu í



Formaður landsnefndarinnar tekur við framlögum frá kvennahlaupsnefnd ÍSÍ.

alþjóðafræðum og sérhæfði sig í mannréttinda- og þróunarmálum með sérstaka áherslu á málefni kvenna. Sjöfn hefur starfað að þróunar- og alþjóðamálum um árabil, m.a. sem sérfræðingur á aðalskrifstofu Þróunarsamvinnustofnunar í Reykjavík, verkefnisstjóri stofnunarinnar í Namibíu og sem sjálfstætt starfandi ráðgjafi.

Ráðgjafarhópur

Eitt helsta viðfangsefni landsnefndarinnar á þessu ári hefur verið að leita leiða til að virkja einkageirann í starf UNIFEM. Í því augnamiði var settur á fót ráðgjafarhópur nú á haustmánuðum sem í sitja nokkrar athafnakonur en þær munu veita landsnefndinni ráðleggingar um hvernig best er að markaðssetja þau mál efni sem UNIFEM vinnur að og fá stuðning einkageirans við þau.

Opinn fundur með rithöfundinum Immaculée Ilibagiza

Landsnefndin, í samstarfi við JPV útgáfu, hélt opinn fund með rúandíska rithöfundinum Immaculée Ilibagiza í tengslum við útgáfu bókar hennar, *Ein til frásagnar*. Í fyrirlestri sínum sagði Ilibagiza, sem er Tútsí, frá ótrúlegri lífsreynslu sinni meðan á þjóðarmorðunum í Rúanda stóð árið 1994 og hvernig henni tókst að byggja upp líf sitt á ný og takast á við sorgina þegar átökunum lauk. Fundur var haldinn á degi Sameinuðu þjóðanna í miðstöð samtakanna við húsfylli en koma Ilibagiza til landsins vakti mikla athygli. Fundurinn var vel kynntur í fjölmiðlum og á meðal félagsmanna UNIFEM.

Samstarf við kvennahreyfinguna

Landsnefndin hefur á undangengnu ári átt í góðu samstarfi við kvennahreyfinguna. Hæst ber að nefna 16 daga átakið sem áður



Bleik UNIFEM armbönd og kvennahlaupsbolur.

hefur verið vikið að auk tillögugerðar til stjórnarskrárnefndar en landsnefndin tók virkan þátt í mótun og kynningu sameiginlegra tillagna kvennahreyfingarinnar um breytingar á stjórnarskrá Íslands. Þá tók landsnefndin einnig virkan þátt í átakinu *Málum bæinn bleikan* á 19. júní.

Samstarf við önnur mannúðarsamtök í þróunarsamvinnu

Landsnefndin hefur tekið þátt í samstarfi íslenskra mannúðarsamtaka í þróunarsamvinnu á árinu. Samstarfið er hugsað sem vettvangur fyrir samtökin til að vinna að hagsmunamálum sínum, skiptast á upplýsingum og skipuleggja viðburði til að gera starf og verkefni samtakanna sýnilegri í íslenski þróunarsamvinnu.

Samstarf við aðrar landsnefndir

Íslenska landsnefndin hefur átt gott samstarf við aðrar landsnefndir UNIFEM á árinu, en þær eru nú 16 talsins. Átta landsnefndirnar funduðu í New York í febrúar, í tengslum við árlegan fund kvennaneftdar Sameinuðu þjóðanna, til að ræða stöðu landsnefndanna innan UNIFEM. Í maí var haldinn annar fundur í Helsinki þar sem mættir voru fulltrúar sex landsnefnda í Evrópu og landsnefndar Bandaríkjanna auk yfirmanns upplýsinga- og samstarfsmála hjá UNIFEM í New York. Á fundinum var ákveðið að stofna alþjóðleg samtök landsnefnda UNIFEM, *Global Coalition of UNIFEM National Committees*, til að gera samstarfsnetið formlegt. Landsnefndirnar samþykktu ályktun um framtíð UNIFEM í tengslum við endurbætur innan Sameinuðu þjóðanna þar sem kallað er eftir að vægi UNIFEM innan samtakanna verði auk- ið. Í framhaldi af fundinum komu landsnefndirnar ályktuninni á framfæri við stjórnvöld í heimalandi sínu, sem og við fulltrúa nefndar sem vinnur tillögur um úrbætur á skipulagi Sameinuðu þjóðanna. Á Helsinkifundinum voru samskipti landsnefndanna við höfuðstöðvarnar einnig rædd og lagðar fram tillögur um úrbætur í þeim málum.

Á döfinni

Megináherslur UNIFEM á Íslandi á komandi ári verða þær sömu og fyrr; að virkja sem flesta Íslendinga í starf UNIFEM. Starf landsnefndarinnar mun því miðast við að efla enn frekar samstarfið við stjórnvöld, fá einkageirann til liðs við UNIFEM og standa fyrir aðgerðum til að fjölga félagsmönnum. Einnig er mikill áhugi á að skipuleggja reglulega fræðslufundi fyrir félagi UNIFEM.



Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja
og þróunaraðstoð



Ljósmynd: PhotoStock

Slæmur félagsskapur:

Um þróunaraðstoð til fátækustu ríkja heims

Hér verður rakin saga þess hvernig hugtakið félagsskapur varð að tískuorði meðal þeirra sem vinna að þróunarmálum. Hugtakið félagsskapur á rætur í heimi viðskipta þar sem aðilar gera aðeins með sér samning ef allir aðilar telja sig hagnast á honum. Jónína Einarsdóttir mannfræðingur og lektor við Háskóla Íslands og Geir Gunnlaugsson barnalæknir og forstöðumaður Miðstöðvar heilsuverndar barna ræða hér um áhrif stefnu breytinga í þróunarmálum fyrir nokkur af fátækustu löndum í heimi og taka sem dæmi Gínea-Bissá í Vestur-Afríku.



Jónína Einarsdóttir


Mannfræðingur og lektor við
Háskóla Íslands

Geir Gunnlaugsson

Barnalæknir og forstöðumaður
Miðstöðvar heilsuverndar barna

Tíundi áratugur síðustu aldar var að mörgu leyti sérstakur hvað varðar þróunaraðstoð. Áratugurinn einkenndist af svartsýni, verulega dró úr aðstoð og breyting varð á stefnumörkun stóru alþjóðlegu og tvíhliða stofnananna. Undir grunnfána betri árangurs var nú áhersla lögð á að auka samræmingu þróunaraðstoðar. Horfið var í auknum mæli frá verkefnanálgu (e. project approach) og tekin upp svokölluð geiranálgun (e. sector wide approach – SWAP). Geiranálgun einkennist af því að fleiri stofnanir leggja fjármagn sitt í sameiginlegan sjóð fyrir ákveðinn málflokk, t.d. til menntamála eða heilbrigðismála, og fjármagni sjóðsins síðan ráðstafað af viðkomandi ráðuneyti viðtakanda. Samhliða áherslu á geiranálgun varð hugtakið félagsskapur (e. partnership) nýtt tísuorð, sem átti að undirstrika að jafnræði væri með viðtakanda og veitanda aðstoðar. Varð verulegur samdráttur á umfangi þróunaraðstoðar á þessu tímabili, sérstaklega á árunum 1990-1996 (Mynd 1). Hugtakið félagsskapur á rætur í heimi viðskipta þar sem aðilar gera aðeins með sér samning ef allir aðilar telja sig hagnast á honum. Því er mikilvægt að hlutverkaskipting einstakra félaga sé skýr og eins hvaða viðurlög gilda ef aðilar uppfylla ekki samninginn.

Mynd 1. Þróun á umfangi styrkja og hagstæðra lána og lána á almennum markaði til þróunarlanda sem hlutfall af vergum þjóðartekjum (GNI) á árabílinu 1970-2002.



Hér verður rakin saga þess hvernig hugtakið félagsskapur varð að tísuorði meðal þeirra sem vinna að þróunarmálum. Til að varpa ljósi á áhrif hinnar nýju stefnu fyrir nokkur af fátækustu löndum í heimi tókum við Gínea-Bissá í Vestur-Afríku sem dæmi.

Að vera í góðum félagsskap

Samkvæmt Maxwell og Christiansen (2002:478) má rekja sögu hugtaksins félagsskapur aftur til hinnar þekktu Pearson-skýrslu, „Partners in development“, sem var gefin út árið 1969. Seinna má svo aftur finna notkun þess í Brandtskýrslunni frá 1980. Það er þó ekki fyrr en í skýrslu þróunarsamvinnunefndar OECD „Shaping the 21st century: The contribution of development co-operation“ sem kom út árið 1996 að hugtakið náði almennri fótfestu sem lykilhugtak meðal þróunarstofnana (DAC, 1996). Í skýrslunni er einnig sett fram hugtakið hnattrænn félagsskapur um þróunaráttak (e. global development partnership effort) sem hefur að markmiði að auka árangur þróunarsamvinnu. Þar segir að saga þróunaraðstoðar sýni að árangur náist aðeins þegar allir aðilar

Í skýrslu þróunarsamvinnunefndar OECD „Shaping the 21st century: The contribution of development co-operation“ segir að saga þróunaraðstoðar sýni að árangur náist aðeins þegar allir aðilar samstarfs hafi vel skilgreindar skuldbindingar og stjórnýsla móttökulands sé góð. Lönd sem eigi í stríði eða innri átökum og einkennist af lélegri stjórnýslu hafi hins vegar dregist aftur úr. Eigi árangur að nást í þróunarsamstarfi sé því mikilvægt að velja samstarfsaðila sína vel og gaumgæfilega.

samstarfs hafi vel skilgreindar skuldbindingar og stjórnýsla móttökulands sé góð. Lönd sem eigi í stríði eða innri átökum og einkennist af lélegri stjórnýslu hafi hins vegar dregist aftur úr. Eigi árangur að nást í þróunarsamstarfi sé því mikilvægt að velja samstarfsaðila sína vel og gaumgæfilega. Í kjölfar þessarrar skýrslu má sjá hliðstæða áherslu í stefnumótun meðal einstakra DAC-landa, t.d. hjá Bretum (UK Government, 1997) og Svíum (Ministry of Foreign Affairs, 1997). Bæði þessi lönd lýstu yfir nýrri stefnu í þróunarmálum þar sem áhersla var lögð á hugtakið félagsskap. Það endurspeglar mikilvægi skuldbindinga og þess að rifta megi samningum sé þeim ekki framfylgt.


Fljótlega eftir að hugtakið félagsskapur náði fótfestu sem jákvætt fyrirbrigði fór að bera á andstæðu þess í skýrslum þróunarstofnana, þ.e. sumir móttakendur þróunaraðstoðar voru slæmur félagsskapur eða erfiðir samstarfsaðilar (e. difficult partnership countries – DPCs). Þessi sömu lönd, sem hér eftir eru kölluð DPC-lönd, beri því að sniðganga sem samstarfsaðila. Þessi ríki eru einnig nefnd veikburða ríki (e. fragile states) eða lönd þar sem góðs árangurs sé ekki að vænta (e. poor performers). Í hópi þessara ríkja er að finna flest svokölluð misheppnuð ríki (e. failed states) en svo kallast ríki sem eru nánast í upplausn vegna innri átaka og einkennast eðli málsins samkvæmt af mikilli fátækt og slægrei stjórnýslu.

Skilgreiningar þróunarstofnana á þeim löndum sem kölluðust slæmur félagsskapur, eða DPC-lönd reyndust þó, þegar til kastanna kom, vera óskýrar og handahófskenndar en afleiðingarnar gátu engu síður verið alvarlegar (Torres og Anderson, 2004). Í skýrslu frá 2001 kemur fram að ásetningur stjórnvalda og raunveruleg framkvæmd þróunaraðstoðar séu afgerandi þegar kemur að því að skilgreina lönd sem eru erfið til samstarfs (DAC, 2001). Aftur á móti ætti ekki að flokka sem DPC-lönd þau sem væru reiðubúin til samstarfs á grunni hinnar nýju stefnumörkunar, þrátt fyrir að vera almennt talin veikburða ríki. Í skýrslunni kemur fram að ekki sé alltaf auðséð hvað eigi við hverju sinni en greinlegt sé að mörg DPC-lönd eigi í stríði eða að þar hafi innri átökum nýverið lokið. Ennfremur einkennist stjórnvöld þeirra gjarnan af spillingu, skorti á gagnsæi, mannréttindabrotum og að hagur hinna fátækustu sé ekki hafður í fyrirrámi. Niðurstað-


an er þó sú að það sé skylda þróunarstofnana að nota fjármagn á sem hagkvæmasta hátt og því beri að varast aðstoð til DPC-landa. Samtímis er lögð áhersla á mikilvægi þess að veita aðstoð fyrst og fremst til hinna fátækustu.

Ári seinna, í október 2002, mættu fulltrúar DAC-landanna, Alþjóðabankans (WB), Evrópusambandsins og Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP) til vinnufundar um DPC-lönd. Niðurstaða hans var að þróunarstofnanir ættu að halda áfram samvinnu við DPC-lönd þrátt fyrir hættuna á lélegri árangri (DAC, 2002). Lögð var áhersla á að finna nýjar leiðir til að vinna með DPC-löndum samtímis sem mat færi fram á neikvæðum áhrifum þess að veita þeim ekki aðstoð, t.d. fyrir nágrannalönd slíkra ríkja. Vinnufundurinn ákvað því að setja á fót ráðgjafahóp sem skyldi afla aukinnar þekkingar á þessum löndum. Niðurstöðu hópsins er að finna í skýrslunni „The Forgotten States: Aid Volumes and Volatility in Difficult Partnership Countries (1992-2002)“. Meginniðurstaða skýrslunnar er sú að DPC-lönd hafi fengið um 40% minni þróunaraðstoð en ætla mætti ef tillit væri tekið til stöðu þeirra, og vegur þar þungst niðurskurður aðstoðar frá tvíhliða stofnunum (Levin og Dollar, 2005). Þó er bent á að það sé mikill munur á umfangi þróunaraðstoðar til einstakra landa sem falla undir skilgreininguna DPC-lönd. Sum þeirra megi kalla nk. gælu-dýr þróunaraðstoðar (e. aid darlings) sem fá meiri aðstoð en fátækt og gæði stjórnsýslu þeirra gefi tilefni til. Aftur á móti séu önnur lönd sem fá mjög litla aðstoð og séu því nk. munaðarleysingar hvað varðar stuðning (e. aid orphans) (3). Þá einkennist aðstoð til DPC-landa af mikilli rokgirni (e. volatility), þ.e. aðstoð er

Mynd 2. Samanlögð aðstoð (í milljónum dollara) til miðtekjulanda (MIC), lágtekjulanda (LIC) og DPC-landa á tímabilinu 1992-2002.



Mynd 3. Samanburður á aðstoð per íbúa til DPC-landa og annara lágtekjulanda (LIC).



lofað en loforðin aldrei efnd, auk þess sem hún sé sveifluggjarnari en til annarra lágtekjulanda. Það er skoðun höfunda skýrslunnar að þróunaraðstoð til þessarra DPC-landa megi auka án þess að árangri í framkvæmd verkefna sé stefnt í hættu.

Eins og áður hefur komið fram minnkaði heildarmagn þróunaraðstoðar eftir 1990, bæði hvað varðar styrki og hagstæðar lánveitingar, en einnig hvað varðar önnur lán (mynd 1). Auk þess fór hlutfallslega minni hluti þróunaraðstoðarinnar til fátækustu landanna (Harford et al., 2004) og sérstaklega til þeirra sem höfðu fengið á sig stimpilinn að vera DPC-land (mynd 2). Mis-munur í samanlagðri aðstoð til DPC-landa (sem flest eru lágtekjulönd) og annarra lágtekjulanda (LIC) hefur aukist síðustu tíu ár. Samtímis eykst einnig munur á aðstoð á íbúa milli LIC-landa og DPC-landa (Mynd 3). Nú er aðstoð til átta landa talin hvað óstöðugust, auk þess sem þessi lönd fá tiltölulega litla athygli á alþjóðavettvangi (Morcos, 2006). Þessi lönd eru Búrúndí, Níger, Mið-Afríkúlýðveldið, Síerra Leóne, Tsjad, Tadsjikistan, Gínea-Bissá og Tógó. Aðstoð til þriggja landa til viðbótar hefur einnig verið sérlega rokgjörn undanfarin fimm ár auk þess að hafa minnkað verulega, en það eru Fílabeinsströndin, Simbabve og Líbería. Eins og sjá má eru öll þessi lönd í Afríku sunnan Sahara nema eitt og flest í Vestur-Afríku.


Við skulum nú skoða nánar hvað ofangreindar breytingar á hugmyndafræði þróunaraðstoðar leiddu til fyrir land sem flokkaðist sem DPC-land. Gínea-Bissá er dæmi um slíkt land en í kjölfar áður nefndrar stefnubreytingar um þróunaraðstoð drógu margar tvíhliða stofnanir sig samtímis úr landinu undir lok tíunda áratugarins (DAC, 2005: 5).

Gínea-Bissá


Gínea-Bissá er fyrrverandi portúgölsk nýlenda sem lýsti yfir sjálfstæði árið 1973 eftir 11 ára stríð við Portúgala. Svíar hófu að veita þeim stuðning fyrir sjálfstæði og héldu því áfram þar til aðstoð var verulega minnkuð og í reynd hætt í kjölfar nýrrar stefnumótunar sem fékk heitið „Partnership with Africa – Proposals for a New Swedish Policy towards Sub-Saharan Africa“ (Ministry of Foreign Affairs, 1997). Þar kemur meðal annars fram að þörf sé á nýrri nálgun til þess að ná fram jákvæðum og áriðandi breytingum í álfunni. Tími veitenda og þiggjenda aðstoðar væri lokið og nú tæki við samstarf þar sem báðir aðilar kæmu sér saman um hvaða viðfangsefni hafi forgang og skuldbindingar aðila skilgreindar. Standi annar aðilinn ekki við samninginn geti hvor aðili fyrir sig sagt upp samstarfinu. Í skýrslunni er þó lögð áhersla á að afrískir leiðtogar skuli hafa rétt á því að leggja fram kröfur um forgangsverkefni og framkvæmd þeirra.

Í yfirlýsingu frá sænsku ríkisstjórninni ári seinna (Government Communication, 1998:1) er aftur lögð áhersla á mikilvægi þess að jafnræði ríki milli þeirra sem veita aðstoð og þiggja hana. Markmið hinnar nýju stefnu sé að styrkja enn frekar langvarandi samskipti Svíþjóðar við Afríku og er áður nefndur stuðningur Svía við Gínea-Bissá tekið sem dæmi um slíkan stuðning. Samtímis sem þessu fór fram var nýlokið úttekt á samstarfi landanna og er niðurstaða hennar að ýmislegt hefði betur mátt fara (Sjöl-ander, 1997). Höfundur skýrslunnar telur að rekja megi skort á árangri aðstoðar Svía í Gínea-Bissá að hluta til áhugaleysis gí-neanskra stjórnvalda til að efla heilsugæslu, menntun og land-


Mynd 4: Samanburður á vegri landsframleiðslu per íbúa miðtekjulanda (MIC), lágtekjulanda (LIC) og DPC-landa. (2002)



Mynd 5: Samanburður á barnadauða miðtekjulanda (MIC), lágtekjulanda (LIC) og DPC-landa. (2002)



Mynd 6: Samanburður á dánatíðni í malaríu hjá miðtekjulöndum (MIC), lágtekjulöndum (LIC) og DPC-löndum. (2000)



búnað, eins og takmarkaðir fjármunir til þessara málaflokka í fjárlögum landins beri vitni um. Höfundurinn bendir einnig á að verklag sænsku þróunarsamvinnustofnunarinnar (Sida) við framkvæmd verkefna eigi líka sinn þátt í slægum árangri. Hann bendir á að í verkefnum sem hafi gengið hvað best hafi verið beitt annari aðferðafræði en þeirri sænsku. Að lokum leggur höfundurinn áherslu á að Gínea-Bissá sé eitt þeirra samstarfslanda Svía þar sem þörfin á aðstoð sé hvað mest, skortur sé á vel menntuðu fólki og heilbrigðiskerfið og efnahagur landsins sé veikburða. Hann varar við því að skera niður stuðning við landið þar sem það hafi augljóslega takmarkaða getu við framkvæmd verkefna borið saman við mörg önnur lönd í samstarfi við Svía. Slík niðurstaða væri í reynd í andstöðu við yfirlýstan vilja sænska þingsins um aðstoð við fátækustu ríki heims. Auk þess sé mikilvægt að bera árangurinn fyrst saman við það sem almennt gerist í öðrum samstarfslöndum Svía.

Þrátt fyrir framangreindar aðvaranir varð Gínea-Bissá fórnarlamb hinnar nýju stefnu. Ákvörðun var tekin um að flytja sænska sendiráðið frá Bissá til Dakar í Senegal og var aðstoð sem áður var veitt til Gíneu-Bissá dreift milli nokkurra nýrra samstarfslanda í Vestur-Afríku. Gínea-Bissá var ekki lengur talið verðugur

Hugmyndafræðin um félagsskap leggur áherslu á baráttu gegn fátækt en reyndin varð sú að fátækustu löndin voru skilin eftir og gerð að svokölluðum munaðarleysingjum þróunaraðstoðar. Það er enda sjálfgefið að lönd með góða stjórnsýslu nýti betur aðstoð en lönd sem eru í stjórnarfarslegri upplausn.

samstarfsaðili. Á sama tíma drógu fleiri þróunarstofnanir saman seglin í landinu, m.a. sú hollenska en Hollendingar og Svíar höfðu fram að þessu verið stærstu veitendur tvíhliða aðstoðar í landinu. Áður en til þess kom að sendiráð Svía flyttist til Dakar brutust hernaðaráttök út í Bissá í júní 1998. Áttök voru milli hersins og forseta landins og bardagar að mestu í höfuðborginni. Stóðu átökin yfir með hléum í tæplega eitt ár með tilheyrandi hörmungum fyrir íbúana.

Eftir að friður samdist hefur Gínea-Bissá ekki notið mikillar aðstoðar alþjóðasamfélagsins og er ástandinu best lýst með viðhorfinu *við skulum bíða og sjá til*. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna setti á laggirnar sérstakan vinnuhóp til þess að fylgjast með gangi mála í landinu. Reglulegar skýrslur hans til ráðsins staðfesta tregðu tvíhliða þróunarstofnana að styðja landið, þrátt fyrir samtals sex kosningar, sem allar hafa verið dæmdar heiðarlegar og lýðræðislegar af alþjóðlegum eftirlitsmönnum (Security Council, 2006). Skólar landsins hafa meira og minna verið lokaðir frá því að átökin brutust út og er meginástæðan skortur á fjármagni til að borga laun kennara. Fjárlög landsins má kalla örfjárlög fyrir land með um 1,5 milljón íbúa, en fyrir árið 2006 voru þau um 12 milljarðar íslenskra króna. Nýverið lýsti fjármálaráðherra landsins yfir að tæknilega væri hægt að segja að landið væri gjaldþrota. Afleiðingarnar eru alvarlegar. Vaxandi glæpastarfsemi festir rætur og hefur verið bent á Gínea-Bissá og önnur lönd í Vestur-Afríku sem miðstöð fyrir eitru lyfjasölu frá Suður-Ameríku, mansal og peningaþvott. Samfara slíkri upplausn er öryggi nágrannalanda stefnt í hættu. Deilan í Casamanche í suðurhluta Senegal við norðurlandamæri Gíneu-Bissá er dæmi um átök þar sem uppreisnarhópar nýta sér veikburða landamæravörslu og flytja sig því milli landa eftir hentugleika og valda óstöðugleika.

Hvað er framundan?

Meðvitund um vanda DPC-landanna fer vaxandi. Nýleg skýrsla frá DAC leggur áherslu á að til að berjast gegn fátækt, upplausn og óöryggi sé nauðsynlegt að löndin sjálf taki á innri málum sínum en jafnframt að alþjóðasamfélagið sameinist um stuðning til þessarra landa (DCD, 2005). Skýrslan leggur til nokkrar vinnureglur eða nálganir. Forsenda árangurs er talin vera að tekið sé mið af aðstæðum hvers lands í stað þess að vinna eftir fyrirfram ákveðnum formúlum, auk þess sem það þurfi að finna leiðir til að fyrirbyggja vaxandi stjórnleysi og óöryggi. Meginmarkmiðið sé að byggja upp innra starf opinberra stofnana og að allur stuðningur falli að stefnumörkun og stjórnskipan hvers móttökulands um sig. Hafa beri í huga samspil stjórn mála, öryggismála og

þróunar. Einnig er lögð áhersla á að bregðast þurfi fljótt við þeim vanda sem löndin séu að kljást við og að það sé gert til lengri tíma, t.d. á grunni tíu ára áætlana, og þannig reynt að koma í veg fyrir að ákveðin lönd verði að munaðarleysingja hvað varðar þróunaraðstoð. Loks er lagt til að þróunarstofnanir taki að sér að reyna þessar reglur á einhverju DPC-landann sem eru verst á vegi stöð.

Nokkur OECD-landanna hafa boðist til að vinna í anda þessarra vinnureglna og hafa fyrrverandi nýlenduherrar gjarnan boðist til að taka að sér fyrri undirsáta sína. Þannig hefur Evrópusambandsríkið Portúgal boðist til að taka að sér munaðarleysingjann Gíneu-Bissá. Er vonast til að fjármagn fái til framkvæmda í framhaldi af fundi helstu þróunarstofnana heims í nóvember 2006.

Lokaorð

Við fyrstu sýn hefur stefna DAC-landanna um félagsskap hugmyndafræðilegt aðráttarafi, enda leggur hún áherslu á jafnræði veitenda og þiggjenda aðstoðar og á mikilvægi þess að auka árangur þróunaraðstoðar. Í reynd var hún þó notuð til að draga úr stuðningi við fátækustu lönd heimsins. Þessi staðreynd undirstrikar þar með ójafna stöðu þeirra sem eiga að mynda félagsskap, þ.e. rík og fátæk lönd. Hugmyndafræðin um félagsskap leggur áherslu á baráttu gegn fátækt en reyndin varð sú að fátækustu löndin voru skilin eftir og gerð að svokölluðum munaðarleysingjum þróunaraðstoðar. Það er enda sjálfgefið að lönd með góða stjórnsýslu nýti betur aðstoð en lönd sem eru í stjórnarfarslegri upplausn.

Kaldhæðnislegt er að undirbúningur að samþykkt þúsaldarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, sem leggja megináherslu á

að vinna gegn fátækt, hafi átt sér stað um leið og ný stefnumið um félagsskap í þróunaraðstoð voru sett fram í lok 20. aldar. Löndin sem eru lengst frá því að ná þúsaldarmarkmiðunum eru einmitt þau sem skilgreind eru sem DPC-lönd og þar með slæmur félagsskapur fyrir sömu þróunarstofnanir og höfðu heitið að vinna í anda markmiðanna (mynd 4-6).

Eftir á að koma í ljós hvort samstarf byggt á ofangreindum nálgunum um þróunaraðstoð til DPC-landa verði árangursrík. Við fyrstu sýn er í grundvallaratriðum um að ræða hefðbundin og sjálfsgöð vinnuferli í þróunaraðstoð. Nýjungin felst e.t.v. helst í því að leggja áherslu á samhengið hverju sinni, að nota aðferðir sem falla að hverju verkefni fyrir sig og áhersla á að aðstoðin styðji við frið. Aftur á móti er athyglisvert að sjá hvernig gamlir nýlenduherrar hafa fengið nýtt hlutverk með því að ættleiða í nafni þróunaraðstoðar fyrri nýlendir sem nú eru flokkuð sem munaðarleysingjar. Sagan á eftir að leiða í ljós hvort hér sé um að ræða gamalt vín á nýjum belgjum.

Heimildir

- DAC (1996). Shaping the 21st century: The contribution of development co-operation. Paris, OECD/DAC.
- DAC (2001). Poor performers: Basic approaches for supporting development in difficult partnership. Development Co-Operation Directorate (DCD), Development Assistance Committee (DAC).
- DAC (2002). Working for development in difficult partnership: An agenda for action based on the results of the joint DAC/WB/EC/UNDP Workshop on Working for Development in Difficult Partnerships. Development Co-Operation Directorate, Development Assistance Committee (DAC).
- DCD (2005). Principles for Good International Engagement in Fragile States. Development Co-Operations Directorate (DCD).
- Government Communication (1998). Africa on the Move – Revitalising Swedish Policy towards Africa for the 21st Century. Stockholm, The Swedish Government.
- Harford, T., Hadjimichael, B. og Klein, M. (2004). The Supply of Aid. How are the Donors giving, and to Whom? Public Policy for the Private Sector, 1-4.
- Levin, V. og Dollar, D. (2005). The forgotten states: Aid volumes and volatility in difficult partnership countries. DAC Learning and Advisory on Difficult Partnership.
- Maxwell, S. og Christiansen, K. (2002). 'Negotiation as simultaneous equation': Building a new partnership with Africa. International Affairs, 78, 477-491.
- Ministry of Foreign Affairs (1997). Partnership with Africa – Proposals for a New Swedish Policy towards Sub-Saharan Africa. Stockholm, Ministry of Foreign Affairs.
- Marcos, K. (2006). Monitoring resource flows to fragile states. Fragile States Group (FSG), Development Co-Operations Directorate (DCD).
- Security Council (2006). Report of the Security-General on development in Guinea-Bissau and on the activities of the United Nations Peacebuilding Support Office in that country. UN.
- Sjölander, S. (1997). Development Cooperation Between Guinea-Bissau and Sweden: Macroeconomic Development, Structural Reform and Project Performance. Stockholm, Sida.
- Torres, M. M. og Anderson, M. (2004). Fragile states: Defining difficult environments for poverty reduction. UK Department for International Development (DFID).
- UK Government (1997). Eliminating World Poverty: A Challenge for the 21st Century. London, The Stationery Office.

Neutral vörurnar fyrir alla fjölskylduna

Með notkun á Neutral vörum minnkar þú hættuna á snertiofnæmi og ofnæmisviðbrögðum bæði hjá þér og börnunum þínum.

Neutral vörurnar eru viðurkenndar af dönsku astma- og ofnæmissamtökunum.

Neutral verndar viðkvæma húð



Tíu grunnreglur hnattræns samnings Sameinuðu þjóðanna

Í ávarpi á heimsráðstefnu um efnahagsmál í janúar 1999 kynnti fráfarandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Kofi Annan, í fyrsta sinn fyrir áhrifafólki í viðskiptum mikilvægi þess að viðskiptaumhverfið væri samofið þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um að draga úr fátækt í heiminum. Með því að gerast aðilar að hnattrænum samningi Sameinuðu þjóðanna skuldbinda fyrirtæki sig til þess að fylgja tíu grundvallarreglum um viðskiptasiðferði sem þó eru ekki lagalega bindandi. Reglurnar

leggja áherslu á virðingu fyrir mannréttindum, náttúru, baráttu gegn spillingu og gagnsæ vinnubrögð.

Í júlí árið 2000 var rekstrarlegum áfanga hnattræns samnings Sameinuðu þjóðanna hleypt af stokkum. Nú eru mörg hundruð fyrirtæki, alþjóðleg stéttafélög og félagasamtök þátttakendur í hnattrænum samningi Sameinuðu þjóðanna.

Mannréttindi

1. REGLA

Fyrirtæki eiga að styrkja, virða og vernda alþjóðleg mannréttindi og starfa innan ramma þeirra.

2. REGLA

Fyrirtæki mega ekki gerast samsek um mannréttindabrot.

Gagnsæ vinnubrögð

3. REGLA

Fyrirtæki skulu leyfa frelsi til að starfrækja stéttafélög og viðurkenna réttinn til samningaviðræðna.

4. REGLA

Fyrirtæki skulu útrýma hvers konar nauðungarvinnu.

5. REGLA

Fyrirtæki skulu útrýma með öllu hvers konar barnaþrækkun; og

6. REGLA

Útrýma allri mismunun hvað varðar starfsvettvang og tækifæri.

Náttúra

7. REGLA

Fyrirtæki skulu sýna varfærni í umgengni við umhverfið og nýtingu náttúruauðlinda.

8. REGLA

Fyrirtæki skulu styðja hvers konar frumkvæði sem styrkir ábyrga stefnu í umhverfismálum; og

9. REGLA

hvetja til þróunar og útbreiðslu á umhverfissvænni tækni.

Barátta gegn spillingu

10. REGLA

Fyrirtæki skulu vinna gegn hvers konar spillingu, þar á meðal fjárkúgun og mútum.



Ljósmynd: Stjórn Vilhelmsdóttir

Þátttaka einkageirans í þróunaraðstoð

– hnattrænn samningur Sameinuðu þjóðanna

Meðal fyrirlesara á ráðstefnunni *Þitt tækifæri – allra hagur um samfélagslega ábyrgð* fyrirtækja, sem var haldin 15. nóvember 2006, var Sören Mandrup Peterson, starfsmaður þróunarhjálpur Sameinuðu þjóðanna. Verkefni hans er að koma á og styrkja tengsl þróunarhjálpur Sameinuðu þjóðanna (UNDP) við fyrirtæki og atvinnulíf á Norðurlöndum. Jónína Þórólfsdóttir, sérfræðingur í alþjóðasamskiptum, tók viðtal við Sören.

Kofi Annan, fráfarandi framkvæmdastjóri Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, lagði í lok 20 aldar áherslu á að án einkaframtaksins væri aldrei hægt að ná þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Afrakstur hugmynda Kofis Annans er hnattrænn samningur Sameinuðu þjóðanna sem leggur áherslu á að fyrirtæki tileinki sér siðferðisgildi sem taka á samfélagslegri meðvitund um mannréttindi, starfsumhverfi, náttúru og spillingu.

Einkageirinn og þróunaraðstoð

Hnattrænum samningi Sameinuðu þjóðanna er ætlað að ýta undir þátttöku einkageirans í þróunaraðstoð, ekki aðeins með hefðbundnum styrktarsjóðum heldur með samstarfi og virkri þátttöku fyrirtækja undir merkjum samfélagslegrar ábyrgðar. Sören Mandrup sagði UNDP einnig líta svo á að þátttaka

fyrirtækja í þróunaraðstoð væri forsenda fyrir því að þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna yrði náð. Áherslumunurinn frá því sem áður var, segir Sören, liggur í því að nú aðstoða fyrirtæki t.d. við forvarnir og uppbyggingu þróunarriktja.

Sem dæmi um verkefni styður Grundfos Group stúlkur til mennta í Kenýa. Þá framleiðir fyrirtækið vatnsdælur og er meðal fremstu í heimi með yfir 70 fyrirtæki í 40 löndum. Fyrirtækið gerðist aðili að hnattrænum samningi Sameinuðu þjóðanna 2002. Með aðstoð UNDP á Norðurlöndunum hefur Grundfos orðið virkur þátttakandi í þróunaraðstoð. Samvinna er grundvöllur á því að viðkomandi aðilar eru tilbúnir að styðja þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna og auðvelda aðgengi að vatni, hreinlæti og menntun. Langtímamarkmið er að bæta aðgengi barna að grunnskólamenntun í afskekktum þorpum Kenýa og þátttaka Grundfos styttr tímamann sem tekur að sækja vatn til heimilanna. Því hafa börn á heimilum sem hafa aðgang að vatnsdælum frá Grundfos meiri möguleika á að eyða meiri tíma á skólabekk, ekki síst stúlkur. Grundfos hefur gefið 25 vatnsdælur í og við skóla í afskekktum þorpum. Vatnsdælurnar virðast henta mjög vel við þessar aðstæður og að auki ganga þær fyrir endurnýtanlegri orku, bæði sólar- og vindorku. Hlutverk UNDP og UNICEF á hverjum stað er síðan að meta virkni vatnsdælna út frá umhverfisþáttum, félagslegum þáttum og efnahagslegum þáttum og fræða íbúana um viðhald og öryggi við uppsetningu vatnsdælnanna.

Verkefnið yfir ekki aðeins undir frekari skólagöngu stúlkna, það styrkir einnig ýmis fæðuöflunarverkefni þar sem vatnsdælnar auðveldar ræktun matvæla. Þá hefur tækifærið verið notað til að kenna hreinlæti og hlúa þannig að heilsu barna.

Metnaðarfull áform um þátttöku einkafyrirtækja

Verkefnið sem UNDP stendur frammi fyrir er að fá fyrirtæki til samstarfs, fyrirtækja sem jafnan hafa að markmiði að ná sem mestum hagnaði. Þannig verða fyrirtæki að sjá hag sinn í því að veita aðstoðina um leið og þau taka þátt í góðgerðastarfsemi. Samfélagið þrýstir í æ meiri mæli á að fyrirtæki sýni ábyrgð og að starfsemi þeirra sé gagnsæri. Hnattrænn samningur Sameinuðu þjóðanna er vettvangur fyrir fyrirtæki til að sýna fram á að þau séu tilbúin til að axla ábyrgð. Það hefur sýnt sig að ef fyrirtæki tileinka sér grundvallarreglur samningsins aukast afköst starfsmanna, framleiðslukostnaður minnkar, þar sem notaðar eru endurvinnsluáðferðir byggðar á náttúrusjónarmiðum, og fyrirtækin bæta samkeppnisstöðu sína almennt. „Á meðan fyrirtæki framfylgja reglum samningsins erum við ánægðir,“ segir Sören.

Reglur hnattræna samningsins ekki lagalega bindandi

Sören fylgdir að fyrirtæki sem sjá hag sinn í því að vera þátttakendur í hnattrænum samningi Sameinuðu þjóðanna finni til ábyrgðar og samkenndar. Hann lýsir þremur lögum slíkrar ábyrgðar. Kjarninn vísar til grundvallarábyrgðar fyrirtækisins sem er að sýna hagnað og fylgja lögum. Enginn efast um gagnsemi og nauðsyn þess að fylgja því hlutverki eftir.

Miðlagið á við um þá ábyrgð sem rekstrarform fyrirtækisins miðast við, það að forðast að gera nokkuð illt eða ólöglegt. Þetta getur verið á gráu svæði í framkvæmd en flestir eru þó sammála um að fyrirtæki bera ábyrgð á að sinna þessu hlutverki.

Ysti lagið er svo sú stefna fyrirtækisins að láta gott af sér leiða. Oft er um tvær leiðir að velja fyrir fyrirtæki sem gefur þeim sama hagnað. Þau geta valið að gera ekki neitt varðandi almenna hagsæld þess samfélags sem þau starfa í, eða þau velji leið sem hefur víðtæk áhrif til góðs. Mikilvægt er að fyrirtæki sjá hag sinn í því að láta gott af sér leiða og þannig auka orðstír fyrirtækisins. Sören segir starf sitt vera að ná til fyrirtækja í einkageiranum og fá þau til að láta gott af sér leiða. Ætlun fyrirtækja til lengri tíma litið er að koma til móts við hluthafa, UNDP leggur áherslu á að með virkri þátttöku í þróunaraðstoð, og þá ekki með styrkveitingum einum saman er verið að aðstoða við frekari uppvöxt þess samfélags sem þau starfa í. Aðstoð eins og þjálfun dómara og í umönnun ungbarna, verndun umhverfis og að bregðast við þörfum samfélagsins eru ekki eingöngu siðferðissskyldur. Að fjárfesta á þessum vettvangi getur hjálpað fyrirtækjum að ná betri árangri.

Hnattrænum samningi Sameinuðu þjóðanna er ætlað að ýta undir þátttöku einkageirans í þróunaraðstoð, ekki aðeins með hefðbundnum styrktarsjóðum heldur með samstarfi og virkri þátttöku fyrirtækja undir merkjum samfélagslegrar ábyrgðar.

Hnattrænn samningur Sameinuðu þjóðanna er ekki lagalega bindandi en fjölmiðlar og önnur félagasamtök hafa tekið að sér að veita fyrirtækjum aðhald, þ.e. þau greina frá ef reglur samningsins eru brotnar og þegar vel er að honum staðið. Félagasamtök hafa einnig veitt aðhald með því að hvetja fyrirtæki til að skila skýrslum þar sem sýnt er fram á skilvirka starfsemi tiltekens fyrirtækis gagnvart samfélagslegri ábyrgð. Einnig hefur meðvitund almennings og eftirfylgni með siðferðislegri framkomu fyrirtækja aukist verulega og ýtt undir umræður. Þannig er gerð krafa um að fyrirtæki sýni samfélagslega ábyrgð án þess þó að slíkt sé lagalega bindandi.



Tveir sterkir

– sparnaðarreikningar á Netinu!

SPRON Vaxtabót

Óverðtryggður hávaxtasparnaðarreikningur

SPRON Viðbót

Verðtryggður hávaxtasparnaðarreikningur

Þú getur stofnað reikning á spron.is





Ljósmynd: IBN

Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja – markaðsbrella eða raunveruleg skuldbinding?

Umræða um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja hefur aukist undanengin ár og háværingi kröfur eru gerðar um ábyrga hegðun fyrirtækja í samfélagi borgaranna. Eva Hrönn Steindórsdóttir, viðskiptafræðingur og meistaranemi í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum við Háskóla Íslands mun ræða þetta og fleira í grein sinni



Eva Hrönn Steindórsdóttir

Viðskiptafræðingur og meistaranemi í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum við Háskóla Íslands.

Á undanförunum áratug hefur áhugi á samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja (e. corporate social responsibility), hér til einföldunar nefnt SÁF, vaxið svo um munar og umræða einnig. Kröfur til fyrirtækjanna um ábyrga hegðun í samfélagi borgaranna er háværari en áður. Þá er starfsemi fyrirtækja nú sýnilegri en áður var og þau tekin að sjá sér hag í að skapa sér ímynd sem dregur fram samfélagslega ábyrgð þeirra. Einnig hefur verið bent á að með virkri þátttöku við að axla samfélagslega ábyrgð hafi fyrirtækin jákvæð áhrif á samfélagið sem þau starfa innan. Slíkt eykur verðmætasköpun og bætir lífskjör í viðkomandi samfélögum auk þess að efla hag fyrirtækjanna. Margir hafa tekið þessari stefnu fyrirtækjanna fagnandi á meðan aðrir telja að hér sé aðeins um ódýra markaðsbrellu að ræða, dulbúið sem góðgerðarstarfsemi.

Finna má ýmsar skilgreiningar á fyrirbærinu SÁF og einkennum þess og áhrifum. Nálgun lærdra og leikra tekur hins vegar mið af afstöðu manna til þess hvort um er að ræða gott framtak fyrirtækja sem er auðgandi fyrir samfélög eða að fyrirtæki sjái sér hag í því að láta af hendi rakna fjárframlög til góðra málefna sem öðru fremur leiði til sterkari markaðsstöðu þeirra. Flestir fræðimenn og þeir sem þekka til viðskipta og fyrirtækjareksturs eru þó sammála um að fyrirtæki hafi ekki eingöngu skyldum að gegna gagnvart hluthöfum sínum heldur einnig samfélaginu sem þau starfa í. Samtökin Business for Social Responsibility (BSR) skilgreina SÁF á þá leið að *beitt sé viðskiptaháttum sem mæta eða ganga lengra en skyldur eða væntingar í siðferðilegum, lagalegum, viðskiptalegum eða umhverfislegum eignum krefjast.*

Saga samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja

Kenningin um SÁF er síður en svo ný af nálinni. Óhætt er að segja að mannúðarstefna fyrirtækja hafi verið Bandaríkjamönnum hugleikin í margar aldir og frá því á 17. öld hafa t.a.m. helstu viðskiptaforkólfar Bandaríkjanna verið á meðal þeirra sem gefa hvað mest til mannúðarmála. Það sem einkenndi þó gjafir á þessum tíma var að þær voru í nafni einstaklinganna en ekki í nafni fyrirtækja þeirra og þeim var aldrei ætlað að þjóna viðskiptalegum hagsmunum. Ákveðinn vendipunktur varð í þróun á SÁF í upphafi níunda áratugarins sem leiddi til þess að fyrirtæki beindu frekar sjónum sínum að góðgerðarmálefnum tengdum kjarnastarfsemi þeirra. Árið 1989 rakst olúskip í eigu bandaríska fyrirtækisins Exxon á rif undan ströndum Alaska og olli gríðarlegu umhverfistjóni. Exxon skorti sérþekkingu til að bregðast hratt og örugglega við slysi af þessari stærðargráðu og var harðlega gagnrýnt fyrir hvernig var að málum staðið. Exxon hafði fram að þessu stutt myndarlega við menntamál í Bandaríkjunum en ekkert beint sjónum sínum að málefnum tengdum kjarnastarfsemi þess, t.d. umhverfissamtökum sem hefðu getað liðsinnt þeim í krísuástandinu sem skapaðist í kjölfar slyssins. Exxon Valdez slysið og eftirmáli þess urðu mörgum fyrirtækjum víti til varnaðar hvað varðar áherslur í samfélagslegum málefnum og leiddi til þess að þau fóru að ráðstafa fjármunum til góðgerðarmálefna mun markvissar en áður. Þróunin sl. 15 ár hefur verið hröð og segja má að hugtakið hafi verið vikkað út til muna. Það tekur nú ekki eingöngu til framlaga í formi fjárstyrkja heldur er skuldbinding af hálfu fyrirtækja að axla ábyrgð í samfélaginu.

Aukin áhersla alþjóðlegra fyrirtækja á innleiðingu samfélagslegrar ábyrgðar

Ráðgjafafyrirtækið KPMG hefur framkvæmt alþjóðlega könnun á

Samtökin Business for Social Responsibility (BSR) skilgreina samfélagslega ábyrgð fyrirtækja á þá leið að beitt sé viðskiptaháttum sem mæta eða ganga lengra en skyldur eða væntingar í siðferðilegum, lagalegum, viðskiptalegum eða umhverfislegum eignum krefjast.

SÁF annað hvert ár frá árinu 1993, síðast árið 2005. Samanburður kannana frá 1993 sýnir að fjöldi fyrirtækja sem skila sérstakri skýrslu um samfélagslega ábyrgð (e. CSR annual report) hefur þrefaldast á tímabilinu. Könnunin náði til 1.600 alþjóðlegra fyrirtækja. Árið 2005 höfðu 52% af stærstu fyrirtækjum heims gefið út slíka skýrslu en síðast þegar könnunin var gerð árið 2002 var hlutfallið 45%. Í könnunum fyrirtækisins felast ótvíráðar vísendingar um að fyrirtæki séu í ríkari mæli farin að innleiða samfélagslega ábyrgð inn í starfsemi sína. Algengasti hvatinn sem stjórnendur nefna eru efnahagslegar ástæður en 74% settu það í fyrsta sæti. Alls 49% nefna aðgengi að fjármagni en samfélagslega ábyrgir fjárfestingasjóðir standa fyrir 13% af bandarískum fjárfestingasjóðum.

Samfélagslega ábyrgir viðskiptahættir

Færst hefur í vöxt að fyrirtæki setji sér reglur að eigin frumkvæði um samfélagslega ábyrga viðskiptahætti (e. socially responsible business practices) sem m.a. byggjast á því að fyrirtæki styrki samfélagsleg málefni, leggi umhverfisvernd lið eða öðru því sem bætt getur samfélagið. Hér er samfélagið túlkað vítt og tekur til starfsmanna fyrirtækisins, hluthafa, birgja, dreifingaraðila, góðgerðafélaga, hins opinbera og almennra borgara, einu nafni nefndir hagsmunaaðilar (e. stakeholders). Margar ástæður eru fyrir því að fyrirtæki hafa í meiri mæli innleitt samfélagslega ábyrga viðskiptahætti. Reglugerðir af ýmsu tagi hafa óhjákvæmilega haft í för með sér að fyrirtækin endurskoða viðskiptahætti sína. Kvartanir frá neytendum og þrýstingur frá hagsmunahópum hafa einnig haft áhrif. Jafnframt vilja fyrirtæki fremur taka frumkvæði en bregðast við eftir á enda hefur sýnt sig að mun auðveldara er að takast á við vandamál sem upp kunna að koma ef sú stefna er höfð að leiðarljósi. Þá er talið að svokallaðir góðir stjórnarhættir fyrirtækja (e. corporate governance), sem fellur klárlega undir samfélagslega ábyrga viðskiptahætti, skipti meginmáli við mat á virði fyrirtækja með því að styrkja trú fjárfesta á við-



Ráðgjafafyrirtækið KPMG hefur framkvæmt alþjóðlega könnun á samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja annað hvert ár frá árinu 1993. Í könnunum sem fyrirtækið gerði árið 2005 felast ótvíræðar vísbendingar um að fyrirtæki séu í ríkari mæli farin að innleiða samfélagslega ábyrgð inn í starfsemi sína.

komandi fyrirtæki. Þar með eykst seljanleiki verðbréfa viðkomandi útgefanda og fjármagnskostnaður lækkar. Að lokum má nefna að með vaxandi alheimsvæðingu hafa neytendur fleiri möguleika og getur kauphegðun þeirra nú stjórnast af fleiri þáttum en vörinni eða verðinu. Orðspor og skynjun neytandans á fyrirtækinu sem hann á viðskipti við er einnig orðin áhrifaþáttur þegar kemur að kauphegðun.

Sem dæmi um samfélagslega ábyrga viðskiptahætti má nefna bandaríska fyrirtækið Starbucks. Fyrirtækið skilar ár hvert ekki eingöngu hefðbundnum ársreikningi heldur einnig sérstakri skýrslu um framgang og framkvæmd markmiða sem lúta að samfélagslegri ábyrgð. Fyrirtækið er í fararbroddi við mótun reglna sem kveða á um ábyrga viðskiptahætti við innkaup á hráefni. Af íslenskum fyrirtækjum sem fetað hafa þessa braut á undanförunum misserum má nefna Actavis sem rekur umfangsmikla starfsemi í 32 löndum. Fyrirtækið hefur lagt fram ríkuleg framlög til margvíslegra verkefna á sviði forvarna og lyfjapróunar í þessum löndum, auk stuðnings við menningu, listir og æskulýðsstarf. Sem dæmi má nefna að fyrirtækið er sérstakur styrktaraðili að forvarnaverkefni samtakanna Evrópuborgir gegn eiturlyfjum en þetta verkefni er samvinna tíu Evrópuborga og er byggt á íslenskum rannsóknnum og árangri í forvörnum. Að auki styður Actavis sérstakt átak til forvarna í fimm borgum í Austur-Evrópu. Í samtali við Morgunblaðið í október í fyrra sagði Róbert Westman, forstjóri Actavis, að þessar borgir hafi orðið fyrir valinu því að þar er fyrirtækið með starfsemi og þess vegna viðeigandi að tengja þær verkefninu. „Þessar borgir sem við erum að styrkja hafa ekki mikið bolmagn til að standa straum af kostnaði af svona forvarnastarfi,“ segir Róbert. „Með því að styrkja verkefnið viljum við skila einhverju til baka til þessara samfélaga.“

Samfélagslega ábyrg fjárfestingastefna

Samfélagslega ábyrg fjárfestingastefna (e. socially responsible investment) hefur aukist til muna þar sem einstaklingar, fyrirtæki og fjárfestingasjóðir hafa í ríkari mæli kosið að fjárfestingar þeirra endurspeglar afstöðu og gildismat þeirra. Í þessu sambandi er vert að fjalla um leiðbeinandi reglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. principles for responsible investment). Reglurnar eru unnar af Sameinuðu þjóðunum, í samvinnu við stærstu lífeyrissjóði í heiminum, auk stórra eignavörsluaðila. Reglurnar voru kynntar í Kauphöllinni í New York 27. apríl 2006 af Kofi Annan, fráfarandi aðalritara Sameinuðu þjóðanna. Hér er um að ræða leiðbeiningar fyrir stofnanafjárfesta um heim allan þar sem þátttakendur gangast undir að taka fjárfestingar tillit til umhverfislegra og félagslegra þátta tengdum rekstri fyrirtækja, auk þess sem lögð er áhersla á góða stjórnarhætti fyr-

irtækja. Nú þegar hafa um fimmtíu stofnanafjárfestar víðs vegar um heim gerst aðilar að reglunum og þar á meðal er Lífeyrissjóður verslunarmanna en í fréttatilkynningu sem sjóðurinn sendi frá sér í kjölfar aðildarinnar segir Þorgeir Eyjólfsson forstjóri hans að fjárfestar geri sér æ betur grein fyrir að við langtímaávöxtun eigna þarf að taka tilliti til umhverfislegra og félagslegra þátta við rekstur fyrirtækja, auk þess sem góð stjórnun hefur þar þýðingarmiklu hlutverki að gegna.

Fleiri birtingarmyndir samfélagslegrar ábyrgðar

Birtingarmynd samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja er með ýmsu móti eins og reifað hefur verið hér að framan. Í bókinni *Corporate Social Responsibility* eftir Philip Kotler og Nancy Lee eru útlistaðar nokkrar algengar leiðir sem fyrirtæki hafa tileinkað sér. Listinn er þó á engan hátt tæmandi en getur reynst góður vegvísir fyrir fyrirtæki sem vilja leggja samfélagslega ábyrgð til grundvallar í starfi sínu og stefnu.

Málefnahefðir (e. cause promotions) gera ráð fyrir að fyrirtækin leggi fé af mörkum, framlag í fríðu eða nýti aðrar auðlindir sem þau hafa yfir að ráða til að vekja athygli á samfélagslegu málefni eða til að styrkja fjáröflunarsamkomu eða sjálfböðavinnu fyrir ákveðið málefni. Algengast er að fyrirtæki taki upp samstarf við góðgerðarfélag sem sinnir afmörkuðu málefni, sem og fjölmiðla og hagsmunasamtök. Nærtækt dæmi er verkefnið Vildarbörn sem fyrirtækið Icelandair er í forsvari fyrir. Tilgangur verkefnisins er að veita langveikum börnum og börnum sem búa við erfiðar aðstæður tækifæri til að ferðast með fjölskyldum sínum. Herferðin hefur mælst vel fyrir hjá viðskiptavinum Icelandair og vakið athygli í fjölmiðlum.

Málefnaþið markaðssetning (e. cause-related marketing) er skilgreind sem viðskiptaleg aðgerð þar sem fyrirtæki og góðgerðastofnanir eða ákveðin góðgerðamálefni gera með sér samkomulag um að markaðssetja ímynd, vöru eða þjónustu þar sem báðir aðilar njóta góðs af. Nýlegt íslenskt dæmi er herferð sem Ölgerðin Egill Skallagrímsson og Ásprent – Stíll efndu til sumarið 2005. Ölgerðin gaf 10 kr. til áfengis- og vímuvarnaneftar Akureyrarbæjar af hverri seldri flösku af tilteknum gosdrykk í mánuði og Ásprent – Stíll gaf 200 þúsund kr. til hönnunar og kostnaðar við markaðssetningu átaksins. Málefnaþiðri markaðssetningu hefur verið tekið fagnandi af hinum ýmsu fyrirtækjum. Til marks um það jókst fé sem bandarísk fyrirtæki eyddu í málefnaþiðaða markaðssetningu frá árinu 1990 úr 125 milljónum dollara í 828 milljónir dollara árið 2002. Ástæðan er eflaust sú að fyrirtækin sjá þetta sem leið til að slá tvær flugur í einu höggi – auka sölu á vörum sínum eða þjónustu og vera í leiðinni samfélagslega ábyrg.

Samfélagsmiðað markaðssetning (e. corporate social marketing). Hér er markaðslögmálum beitt til að hafa áhrif á tiltekin markhóp, sem leiðir til þess að hann, að eigin vild, samþykkir, neitar, breytir eða hverfur frá ákveðinni hegðun og það sé til heilla fyrir einstaklinga, hópa eða samfélagið í heild. Það eru einkum opinberar stofnanir sem nota samfélagsmiðaða markaðssetningu t.d. ráðuneyti og stofnanir á heilbrigðissviði, Umferðarstofa eða embætti landlæknis. Fyrirtæki á samkeppnismarkaði hafa þó einnig farið þessa leið til að sýna samfélagslega ábyrgð og mun umfjöllunin hér á eftir einkorðast við þau.

Fyrirtækin taka einnig oft upp samstarf við góðgerðastofnanir eða opinberar stofnanir og miðla í þeirri samvinnu tæknilegri sérþekkingu sinni á málefnum, veita aðgang að markaðsdeildum, dreifileiðum, starfsfólki, sjóðum og leggja jafnframt til önnur framlög í fríðu. Veitingakeðjan Subway á Íslandi hóf t.d. samstarf við samtökin Hjartaheill í herferð þar sem lögð var áhersla á heilbrigðar matarvenjur.

Mannúðarmiðuð framlög (e. corporate philanthropy) er ein algengasta leiðin sem fyrirtæki kjósa að fara til að sýna samfélagslega ábyrgð. Þessi framlög eru oftast ekki mikilvæg fyrir góðgerðasamtök og eru vanalega í formi peningastyrkja og framlaga í fríðu. Menningarsjóður Glitnis einn öflugasti styrktarsjóður landsins í einkaeigu. Markmiðið með starfsemi sjóðsins er að efla tengsl Glitnis við samfélagið og starfsumhverfi hans. Þá má jafnframt nefna sjóði einstaklinga eins og Minningarsjóð Margrétar Björgólfssonar sem hjónin Þóra Hallgrímsson og Björgólfur Guðmundsson hafa stofnað í minningu dóttur sinnar.

Gagnrýni á samfélagslega ábyrgð

Óhætt er að segja að kenningin um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja hafi verið gagnrýnd frá fyrstu tíð og í þeim efnum byggja margir á hugmyndafræði Miltons Friedmans og kenninga hans. Rauði þráðurinn í slíkri gagnrýni er að fyrirtæki eigi að einbeita sér að því að hámarka hagnað sinn og með því að gera það hafi það jákvæð áhrif á samfélagið. Segja má að hér takist á hin klassísku kapitalísku sjónarmið hægrri sinnaðra og velferðarsjónarmið vinstri stefnunnar. Skoðun Friedmans byggist í grundvallaratriðum á þrenns konar rökum. Fyrir það fyrsta telur hann stjórnendur eingöngu hafa skyldum að gegna gagnvart eigendum fyrirtækisins (sem alla jafna eru hluthafarnir). Að hans dómi væru stjórnendur að bregðast starfsskyldum sínum með því að hafa afskipti af málum sem varða samfélagið í heild. Í öðru lagi telur Friedman að afkastamikil fyrirtæki verði að hafa hámarkun hagnaðar að meginmarkmiði svo að samfélagið geti notið góðs af. Farsælast sé fyrir samfélagið þegar fyrirtækin reyna að þéna sem mest með því að framleiða bestu vöruna og selja hana á lágmarksverði. Hinn ósýnilega hönd frjálsa markaðarins tryggir að slík samkeppnishegðun leiði að lokum til þess að samfélagsleg velferð verði hámarkuð. Þriðja þáttinn má rekja til frjálshyggjustefnunnar sem setur frelsi einstaklingsins ofar öllu. Öll viðskipti með einkaeigur eiga að vera frjáls og fyrir opnum tjöldum. Með því er tryggt að hlutaðeigendur geti notið góðs af og enginn geti nýtt sér það sem hann verðskuldar ekki. Hugmyndin um að þröngva eigi fólk til að hjálpa hvert öðru er þyrnir í augum frjálshyggjumanna. Carly Fiorina, fráfaraandi forstjóri Hewlett Packard, er meðal þeirra sem hafa gagnrýnt kenningu Milton Friedmans en hún segir að hugmyndin um að fyrirtæki séu ábyrgðarlaus í samfélaginu, með öðrum orðum, að þau starfi í tómarúmi, eða sú hugmynd að gjörðir þeirra hafi engar afleiðingar á umheiminn sé í besta falli skammsýni og dugi alls ekki þegar litið sé til lengri tíma.

Það er viðtekin skoðun að mikilvægt sé að hafa eftirlit með og mæla árangurinn sem af samfélagslegu frumkvæði fyrirtækis hlýst. Fyrirtæki eru í sífellu að reikna út ávöxtun af fjárfestingum sínum og afhverju ætti ekki alveg eins að reikna út „ávöxtun“ af framtaki þeirra á sviði samfélagslegrar þátttöku?

Í janúarhefti The Economist 2005 er fjallað um SÁF í sérstakri úttekt. Þar kemur m.a. fram að fyrirbærið hafi farið sem logi um akur innan fjölþjóðlegra fyrirtækja í Bandaríkjunum og Evrópu á nýliðnum áratug. Gagnrýni greinarhöfunda byggist á því að um sé að ræða lítt eða illa dulbúna aðferð kapitalískra fyrirtækja til þess að kaupa sér vinsældir: Þau láti að því liggja að höfuðtilgangur starfsemi þeirra sé umhyggja fyrir velferð samfélagsins en í reynd sé það nýtt skálkaskjól til að hámarka hagnaðinn. Því er haldið fram að þrátt fyrir gott starf ýmissa fyrirtækja sé SÁF lítið annað en fegrunaraðgerð eða almannatengslabrella í útfærslu fjölmargra fyrirtækja. Inntakið sé óljóst og úthaldið ekki komið fram: Hér sé gamalt vín á nýjum belgjum, miklu frekar en

Gjafakort í Þjóðleikhúsið opnar ævintýraheim!

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

„Auðlindir heimsins er annaðhvort ofnotaðar eða í rénum, fiskveiðistofnar, skógar, jarðvegur, vatnsforði og andrúmsloftið, svo fátt eitt sé nefnt. Samt sem áður nota aðeins 800 milljónir af ríkustu íbúum veraldar um ¾ af auðlindum heimsins. Ef fjórir til fimm milljarðar fátækari íbúa jarðarinnar taka upp sömu lífshætti verður útkoman vægast sagt hrikaleg.“

raunverulegar breytingar á viðteknum viðskiptaháttum og hugmyndafræðilegri undirstöðu. Varað er við því að SÁF dragi athygli frá raunverulegum vandamálum tengdum viðskiptasiðferði, vandamálum sem brýnt er að beina sjónum að. Bent er á að mikilvægt sé að regluverk um starfsemi fyrirtækja í þágu samfélagsins sé skýrt og því aðeins þjóni fyrirtækja á markaði almenningi vel að tilteknum forsendum sé fullnægt. Því er haldið fram að til þess að markaðshagkerfi skili sem mestu þurfi margvíslega opinbera íhlutun, svo sem skattlagningu og reglur um starfsemi fyrirtækja á markaði sem tryggja framlegð til samfélagsins. SÁF á þeirra forsendum einum geti ekki komið í stað stefnumörkunar á þessu sviði, hætta sé á því að þau afvegaleiðist ef engin opinberrar leiðsagnar nýtur við. Samtökin *Business for Social Responsibility* sendu frá sér yfirlýsingu í kjölfar umfjöllunar tímaritsins og gagnrýndu harðlega þau sjónarmið sem þar komu fram. Samtökin benda á að vönduð útfærsla á SÁF feli í sér heilbrigða viðskiptahætti og stjórnun sem skili fyrirtækjum, hluthöfum og þjófólaginu öllu mikilvægum verðmætum. Bent er á að SÁF sé ný vídd í umræðunni um það hvernig fyrirtæki gæti jafnvægis milli skammtímahagnaðar og langtímaávinninga. Samtökin benda á að eins og staðið sé að framkvæmd SÁF meðal margra leiðandi alþjóðlegra fyrirtækja sé aðferðin til þess fallin að efla uppbyggingu heilbrigðra samfélaga, stuðla að bættri löggjöf og auka gagnsæi í stjórnun fyrirtækja og viðskiptaháttum.

Árangursmælingar á SÁF

Það er viðtekin skoðun að mikilvægt sé að hafa eftirlit með og mæla árangurinn sem af samfélagslegu frumkvæði fyrirtækis hlýst. Fyrirtæki eru í sífellu að reikna út ávöxtun af fjárfestingum sínum og afhverju ætti ekki alveg eins að reikna út „ávöxtun“ af framtaki þeirra á sviði samfélagslegrar þátttöku? Án mælingar er engin leið að vita hvernig framtakinu hefur reitt af. Gekk vel eða illa? Hvar þarf að bæta sig og þá hvernig? Hins vegar hefur mælingum verið býsna ábótavant og leiðir til þeirra skort. Bent hefur verið á að fyrirtæki ættu að mæla árangur samfélagslegrar ábyrgðar rétt eins og þau mæla árangurinn af öðrum hefðbundnum herferðum sem þau hrinda í framkvæmd. Sem dæmi um atvæði sem geta auðveldað mælingu má benda á eftirfarandi:

- **Sölutölur** – hvaða áhrif hefur hið samfélagslega frumkvæði haft á sölumagnnið? Hefur markaðshlutdeildin aukist?
- **Markhópurinn** – jókst sala á þeim mörkuðum sem stefnt var á?

- **Endurgjöf frá smásölum** – gott er að athuga hvað smásalar hafa að segja þar sem þeir eru í návígi við viðskiptavininn.
- **Viðhorf starfsmanna** – tóku starfsmenn þátt? Hvaða athugasemdir höfðu þeir?
- **Viðhorf yfirstjórnarinnar** – studdu þeir framtakið? Hverjar eru hugmyndir þeirra um verkefni í framtíðinni?
- **Almannatengsl** – hvernig brást almenningur við? Voru aðgerðir fyrirtækisins teknar trúanlegar eða voru þær taldar markaðsbrella?
- **Tekjur og gjöld** – hvað gefur kostnaðar- og ábatagrein- ing til kynna?

Í rannsókn á aðferðafræði við árangursmælingar hjá sex alþjóðafyrirtækjum, sem öll hafa samfélagslega ábyrgð á stefnuskrá sinni, kom berlega í ljós að þörf er á meiri stöðlun hvað varðar úttekt á árangri sem hlýst. Stjórnendur fyrirtækjanna bentu einnig á að frekari stöðlun gæti létt undir þar sem mikið væri um að hagsmunasamtök og fleiri aðilar væru á höttunum eftir upplýsingum um stefnu fyrirtækjanna í samfélagslegri ábyrgð. Þeir bentu á að aðgangur að slíkum upplýsingum geti verið vandkvæðum bundinn þar sem þær eru oft ekki aðgengilegar í því formi sem beðið hefur verið um. Skortur á skipulagsumgjörð gæti líka hamlað þróun á samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja. Mikilvægt er að ljóst sé gagnvart hverjum stjórnendum séu ábyrgir og hvaða mælistikur beri að leggja á frammistöðu þeirra.

Vönduð útfærsla getur skilað verðmætum

Eðlilegt má telja að krafan um aukna ábyrgð fyrirtækja sé orðin háværi nú á dögum þar sem aðgengi að upplýsingum um framferði fyrirtækja er auðfengið með tilkomu netsins. Það er liðin tíð að rekstur fyrirtækja sé einkamál þeirra og að hægt sé að þegja misferli í hel. Vald neytenda hefur aukist og kröfur þeirra um breytingar hafa skilað árangri. Fyrirtækin geta ekki horft framhá þessu og er sífellt ljósara að geta þeirra til að keppa á markaði er háð aðstæðum í umhverfinu.

Vönduð og hnitmiðuð útfærsla á SÁF getur skilað öllum hagsmunaaðilum mikilvægum verðmætum ef rétt er að málum staðið og aukið á trúverðugleika fyrirtækja. Æskilegt er að opinberir aðilar og fyrirtæki á markaði hafi samvinnu um að þróa umhverfi fyrirtækja, lög og reglur og innbyggða hvata hjá fyrirtækjum. Hlýtur skattafsláttur að vera meðal þess sem kæmi til skoðunar í því samhengi. Þess má geta að á Íslandi hafa fyrirtæki heldur nauma heimild til skattafsláttar, en þau mega draga 0,5% frá tekjum sínum fyrir skatta. Ekki er loka fyrir það skotið að fyrirtæki myndu nýta betur slíkan frádráttarmöguleika ef hlutfallið væri hækkað.

Hefur kapitalisminn uppfyllt loforð sín?

Boðberar kapitalískra gilda hamra á því að fyrirtækin eigi að einbeita sér að hámarks hagnaði af fjárhagslegu tilliti og muni með því uppfylla loforð hinnar kapitalísku stefnu. En hefur kapitalisminn uppfyllt loforð sín? Í bók sinni *Capitalism At The Cross Roads* skýtur Stuart Hart að okkur varnaðarorði: „Auðlindir heimsins er annaðhvort ofnotaðar eða í rénum, fiskveiðistofnar, skógar, jarðvegur, vatnsforði og andrúmsloftið, svo fátt eitt sé nefnt. Samt sem áður nota aðeins 800 milljónir af ríkustu íbúum veraldar um ¾ af auðlindum heimsins. Ef fjórir til fimm milljarðar

fátækari íbúa jarðarinnar taka upp sömu lífs-hætti verður útkoman vægast sagt hrikaleg.“ Hart telur að kapítalisminn standi nú á kross-götum. Taka má undir skoðanir Harts með hliðsjón af vaxandi fylgi samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja í viðskiptalífinu. Varast ber þó að hún sé einvörðungu notuð til þess að afla sér vinsælda eða bæta ímynd fyrirtækja. Hún þarf að verða skuldbinding af hálfu fyrirtækisins til að axla ábyrgð í samfélaginu og framtakið þarf að rista dýpra en að skrifa stöku sinnum tékka til ákveðins málefnis. Sú grundvallartrú að enginn sem samfélag byggir geti firtt sig ábyrgð, hvorki einstaklingar né fyrirtæki, er undirliggjandi hugsun að baki SÁF. Því betri sem aðstæður, kjör og hagur einstaklinga og/eða fyrirtækja er, því ríkari verður skyldan til þess láta gott af sér leiða og vera virkur þátttakandi í að bæta samfélagið.

Vefsíður um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja

www.bitc.org
www.bsr.org
www.csreurope.org
www.csrwire.com

Vefsíður um samfélagslega ábyrga fjárfestingastefnu

www.calvert.com
www.enhancedanalytics.com/
www.eurosif.org
www.socialinvest.com
www.unpri.org

Skilgreiningar helstu hugtaka varðandi samfélagslega ábyrgð fyrirtækja

Góðir stjórnarhættir fyrirtækja (e. corporate governance): Ferli sem fyrirtæki innleiða til að stjórna og hafa eftirlit. Meðlimir stjórnarinnar bera ábyrgð á góðum stjórnarháttum í fyrirtækjum sem þeir eru í forsvari fyrir.

Hagsmunaaðilar (e. stakeholders): Allir aðilar sem hafa áhrif á og/eða verða fyrir áhrifum af gjörðum fyrirtækisins. Sem dæmi má nefna starfsmenn, birgja, hluthafa, almenna borgara og hið opinbera.

Leiðbeinandi reglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. principles for responsible investment): Leiðbeiningar fyrir stofnanafjárfesta um heim allan þar sem þátttakendur gangast undir að taka tillit við fjárfestingar til umhverfislegra og félagslegra þátta tengdum rekstri fyrirtækja, auk þess sem lögð er áhersla á góða stjórnarhætti fyrirtækja.

Samfélagslega ábyrgar fjárfestingar (e. socially responsible investments): Fjárfestingarákvörðun tekur mið af gildismati og samfélagslegum málefnum. Tekur tillit til fjárhagslegra markmiða fjárfesta sem og áhrifa á samfélagið.



Handsmíðaða skartið hennar Önnu Maríu

ANNA MARÍA DESIGN
GULLSMÍÐUR

Skólavörðustíg 3
Sími: 551 0036
www.annamariadesign.is

Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja (corporate social responsibility): Fyrirtækið beitir viðskiptaháttum sem mæta eða ganga lengra en skyldur eða væntingar í siðferðilegum, lagalegum, viðskiptalegum eða umhverfislegum efnum krefjast.

Samfélagslega ábyrgir viðskiptahættir (e. socially responsible business practices): Fyrirtæki setja sér reglur að eigin frumkvæði sem m.a. byggjast á því að fyrirtæki styrki samfélagsleg málefni, leggi umhverfisvernd lið og/eða öðru því sem bætt getur samfélagið. Hér er samfélagið túlkað vítt og tekur til allra hagsmunaaðila.

Virkt eignarhald (active ownership): Eigendur taka virkan þátt í stjórnun, stefnumótun og eftirliti í fyrirtækjum í þeirra eigu.



Styrktarsjóður Baugs Group hf.

Hreinn Loftsson er formaður stjórnar Baugs Group. Hreinn er sjálfstætt starfandi lögmaður frá 1988 og einn af eigendum Lögmanna Höfðabakka. Áður gegndi hann störfum aðstoðarmanns ráðherra í viðskipta-, utanríkis- og samgönguráðuneytunum 1983-1988. Þá var hann aðstoðarmaður forsætisráðherra 1991-92 og formaður framkvæmdanefndar um einkavæðingu 1992-2002. Hann hefur gegnt fjölda annarra trúnaðarstarfa og setið í stjórnnum fyrirtækja, þ.á m. Vífilfells ehf. og tengdra félaga 1994-99.

Baugur Group hf. leggur áherslu á fjárhagslegan stuðning við margvísleg mannúðar-, menningar- og líknarmál. Styrktarsjóður Baugs Group hf. var stofnaður á árinu 2005 með 300 milljónir kr.

stofnframlagi. Tilgangurinn með stofnun sjóðsins var öðru fremur að koma skipulagi á þessa starfsemi innan fyrirtækisins, stuðla að samræmdri og vandaðri afgreiðslu slíkra umsókna. Þeir fjölmörgu aðilar, sem leita eftir stuðningi úr sjóðnum hafa nú tök á því að senda erindi ásamt rökstuðningi til stjórnar hans, en úthlutun fer fram tvisvar á ári. Í júní á þessu ári voru veittir styrkir að fjárhæð 41,5 milljónir kr., en næsta úthlutun fer fram í desember og þá verður væntanlega úthlutað svipaðri fjárhæð. Styrkir sjóðsins hafa runnið til mjög margvíslegra verkefna. Að auki hefur Baugur Group stutt einstaka listviðburði, t.d. Listahátíð í Reykjavík, Alþjóðlega Kvikmyndahátíð í Reykjavík og Grímuna – íslensku leiklistarverðlaunin. Nýlega styrkti Baugur Group Hið íslenska bókmenntafélag með myndarlegum hætti í tilefni af 190 ára afmæli félagsins.

Baugur Group er einn helsti styrktaraðili UNICEF á Íslandi og hefur á undanförunum tveimur árum lagt rúmlega 70 milljónir kr.

í verkefni á þeirra vegum. Fyrirtækið stóð einnig að fjáröflunar- kvöldverði UNICEF 1. desember 2005 þar sem söfnuðust verulegir fjármunir og vinnur ásamt tveimur öðrum fyrirtækjum, Fons ehf. og FL Group hf., að sérstöku menntaverkefni í Gíneu-Bissá í Vestur-Afríku. UNICEF eru alþjóðleg og traust samtök sem starfa í 156 löndum og svæðum og standa vörð um líf barna frá fæðingu til fullorðinsára. Baugur Group og UNICEF á Íslandi einbeita sér um þessar mundir að verkefnum í Gíneu-Bissá. Fá-tækt er mjög mikil í landinu en hægt er að ná miklum og mælanlegum árangri með því að beina aðstoð inn á afmörkuð svæði og taka síðan fyrir önnur verkefni eða svæði þegar árangur hefur náðst. Í Gíneu-Bissá lúta verkefnin að umönnun ungabarna, menntun barna og ungmenna, framleiðslu á joðbættu salti og aðgerðum til að stemma stigu við ýmsum algengum sjúkdómum, einkum meðal barna. Talið er að stuðningur Baugs Group og fleiri íslenskra aðila til þessara verkefna í Guinea-Bissá nemi samtals um 250 milljónir kr.

Íslensk fyrirtæki hafa heimild til að nýta allt að 0,5% af veltu sinni til stuðnings við þau málefni sem hér ræðir. Framlög upp að því marki eru frádráttarþær frá tekjuskatti. Hér getur verið um verulega fjármuni að ræða og mættu íslensk fyrirtæki vera mun duglegri við að nýta sér þessa heimild. Ég get vel ímyndað mér að svigrúmið sé töluvert til að auka styrki íslenskra fyrirtækja við þessi málefni. Menn hafa ekki verið nógu vakandi, held ég. Ekki ber að líta á slíkan stuðning sem ölmusu heldur aðgerð til að bæta heiminn og sinna samfélagslegri ábyrgð og skyldu.

Ekki er víst að menn séu almennt vakandi yfir þeim möguleika í skattalegu tilliti, sem þó er til staðar í lögum og varðar slíkan stuðning. Sjálfsgagt mætti auka kynningu í því sambandi. Stærri fyrirtæki ættu að sjá sér hag í því að formbinda þessa starfsemi sína og koma skikki á hana með svipuðum hætti og Baugur Group hefur gert. Þau ættu að nýta sér heimildir sínar gagnvart þessum málaflökki, stýra sjálf framlögum til samfélagslegra verkefna sem þau mega ráðstafa fremur en að gera það ekki. Þetta gildir raunar einnig um minni fyrirtækin, en þau þurfa ekki að búa til sjóði eða sérstakt skipulag um styrkveitingar sínar. Fyrirtæki sem eru skráð á Verðbréfaþingi Íslands ættu öll að vera með starfsemi af þessum toga eða sameinast um styrktarsjóð til að styðja góð málefni og verja til þess öllum þeim fjármunum á ári hverju, sem rúmast innan þeirra heimilda sem þau hafa.

Í stærri verkefnum sem Baugur Group tekur þátt í er gerður styrktarsamningur þar sem tilgreint er hvaða hagsmuni Baugur Group sér í verkefninu og mikil áhersla er lögð á gagnsæi og skilvirkni. Í samstarfinu við UNICEF er til að mynda mjög skýrt hvað verður um styrkina. Við höfum átt þess kost að fara og skoða árangurinn. Hvað varðar minni styrkina er byggt á trausti og heiðarleika viðtakenda, en styrkveitingar eru ákveðnar á grundvelli rökstuðnings og greinargerða með umsóknum. Því vandaðri og betri sem umsóknin er því líklegri er hún til að ná athygli fyrirtækisins.

Stuðningur fyrirtækja til þróunar- og mannúðarmála byggist öðru fremur á viljanum til að láta gott af sér leiða, bæta heiminn. Þeim sem mikið er gefið ber og skylda til að gefa. Þetta er einföld siðferðileg regla og sjálfsögð. Þeim sem vegnar vel ber að huga að hinum sem standa höllum fæti. Þetta gildir jafnt um einstaklinga, fyrirtæki og þjóðir. Íslendingar voru meðal fátæk-



Hreinn Loftsson

ustu þjóða í Evrópu fram á síðustu öld. Við nutum margvíslegrar aðstoðar annarra ríkja þegar við börðumst úr fátækt til bjargálna og síðar auðsældar. Þetta var viðskiptaleg, menningarleg og efnahagsleg aðstoð. Þá nutum við einnig góðs af viðskiptum við nágretta okkar beggja vegna Atlantshafsins. Við urðum hluti af efnahagskerfi Vesturlanda.

Íbúar Gíneu-Bissá hafa, svo dæmi sé tekið, ekki verið eins vel settir og Íslendingar. Þeir voru undirokuð smáþjóð, portúgölsk nýlenda allt til ársins 1973 og þeim hefur ekki enn tekist að brjótast út úr fátæktargildrunni. Samt eiga þeir auðug fiskimið og margvísleg önnur náttúruauðæfi. Verst fyrir slíkt ríki er að vera ekki hluti af markaðshagkerfi á borð við það sem við höfum í Evrópu, Bandaríkjunum, Asíu og víðar. Þeir þurfa að stunda vöruviðskipti, sem halda þeim niðri. Íslendingum ber að mínum dómi skylda til þess að hjálpa slíkum þjóðum á fætur þannig að þær geti gengið sjálfar götuna til framfara og velsældar. Þetta getum við gert með því að aðstoða þær við grunnþætti á borð við menntun og heilbrigði en þó mest með því að stofna til viðskipta við þær. Opna hagkerfið eftir því sem við getum. Kaupa af þeim vörur og þjónustu. Stuðla að því að þjóðir „þriðja heimsins“ geti orðið hluti af alþjóðlegu viðskiptakerfi. Tekið þátt í því að opna markaði fyrir afurðir þeirra og með öllum tiltækum ráðum gert þeim kleift að bjarga sér á eigin spýtur. Þannig vinnum best að bættum og friðsamlegri samskiptum milli þjóða heims.

Hreinn Loftsson, stjórnarformaður Baugs Group.



Ljósmynd: Jakob Már Jónhárðsson

Sjö grundvallarreglur Calvert í þágu kvenna

Calvert Group sérhæfir sig í fjárfestingum í verðbréfasjóðum sem uppfylla skilyrði um félagslega ábyrgð fyrirtækja. Árið 2004 var grunnurinn lagður að reglum Calverts í þágu kvenna í samvinnu við UNIFEM. Í grundvallarreglum Calverts er lögð áhersla

á málefni eins og gagnsæi í jafnréttisstefnu fyrirtækja, tekjujöfnuð karla og kvenna, ofbeldi á vinnustöðum, fjölgun kvenna í stjórnunarstöðum, markaðssetningu út frá kynjasjónarmiði og aðgengi kvenna að fjármagni.

1. REGLA:

Upplýsingar, framkvæmd og eftirfylgni

Fyrirtæki standi fyrir og sækist eftir að viðhalda jafnréttisstefnu í allri starfsemi sinni, viðskiptum og í sambandi við fjársýslu. Fyrirtækin sýni frumkvæði og tileinki sér og útfæri jafnréttisstefnu sem er gagnsæ, opinber og fylgt eftir.

2. REGLA:

Atvinna og tekjur

Fyrirtæki standi fyrir og sækist eftir að viðhalda jafnréttisstefnu sem útrýmir hvers konar kynjamismunun er varðar tekjur, ráðningar, stöðuhækkningar og önnur vinnuskilyrði.

3. REGLA:

Heilsa, öryggi og ofbeldi

Fyrirtæki standi fyrir og sækist eftir að viðhalda jafnréttisstefnu sem verndar heilsu og öryggi kvenna, og vinnur gegn kynbundnu ofbeldi.

4. REGLA:

Borgaralegar og samfélagslegar skuldbindingar

Fyrirtæki standi fyrir og sækist eftir að viðhalda jafnréttisstefnu sem verndar þátt kvenna til þátttöku sem borgarar og tryggir að þær verði ekki fyrir mismunun og arðráni.

5. REGLA:

Stjórnun

Fyrirtæki standi fyrir og sækist eftir að viðhalda jafnréttisstefnu sem stuðlar að fjölgun kvenna í stjórnunarstöðum.

6. REGLA:

Menntun, þjálfun og starfsþróun

Fyrirtæki standi fyrir og sækist eftir að viðhalda jafnréttisstefnu með því að mennta, þjálfa og veita faglega aðlögun í starfi til handa konum.

7. REGLA:

Rekstur, framboð og markaðsframkvæmd

Fyrirtæki standi fyrir og sækist eftir að viðhalda jafnréttisstefnu með því að tileinka sér frumkvæði og réttlátar viðskiptaaðferðir og markaðssetningu út frá kynjasjónarmiði.

Ítarlegri upplýsingar um Calvertsjóðinn er að finna á vefsíðunni:
www.calvert.com/womensprinciples.html

Konur

eiga minna en 1%
allra eigna í heim-
inum og fá aðeins
10% af heimstekj-
um í sinn hlut





Ljósmynd: UNICEF

Kvennastefna Calverts og óbein framlög fyrirtækja til þróunarmála

Þegar rætt er um þróunaraðstoð er umræðan oftast einskorðuð við framlög þjóða til þróunarmála. Minna er rætt um framlag einkageirans en þó hefur þátttaka fyrirtækja í þróunaraðstoð aukist undanfarinn áratug, einnig hér á Íslandi. Fjárframlög fyrirtækja einkenna helst þátttöku íslenskra fyrirtækja í þróunaraðstoð, sbr. vegleg framlög íslenskra fyrirtækja til Gíneu Bissá nú nýverið, þar sem malaríunetum var dreift um allt land. Þó eru óbein framlög eigi síður mikilvæg. Elsa Guðmundsdóttir, fjármálastjóri og gjaldkeri UNFEM á Íslandi, segir hér frá fjárfestingasjóði Calverts.

Óbein framlög til þróunarmála fela í sér að fyrirtæki sem reka starfsemi í þróunarlöndum setji sér markmið um að hafa jákvæð áhrif á samfélagið þar sem þau stunda viðskipti. Það felur í sér að fyrirtækin taki samfélagslega ábyrgð, bæði innan dyra og utan, með því að samþætta siðferðisviðmið og daglegan rekstur og með því að taka virkan þátt í viðfangsefnum samfélagsins.

Fjárfestingasjóðurinn Calvert hefur í samstarfi við UNIFEM þróað siðferðisviðmið sem kölluð eru kvennastefna Calverts. Í kvennastefnunni er lögð áhersla á að fyrirtækin taki sjálf á sig ábyrgð og marki sér stefnu í málefnum kvenna í því samfélagi sem þau starfa. Framkvæmd stefnunnar er óbeint framlag fyrirtækisins til þróunarmála, þar sem fyrirtækið lagar hegðun sína að þörfum kvenna í samfélaginu og beitir sér fyrir bættum kjörum þeirra.

Kvennastefnan er fyrsta tilraun til að beita rótgrónum mannréttindagildum sem snerta stöðu kvenna, beinlínis til að hafa áhrif á hegðun fyrirtækja.

Kvennastefna Calverts samanstendur af sjö viðmiðum sem fyrirtæki nota til að marka sér stefnu í málefnum kvenna. Hverju viðmiði fylgja markmið sem fyrirtæki tileinka sér í þeim tilgangi að samþætta kvennastefnuna rekstri sínum og ákvarðanatöku. Markmiðin eru byggð á breiðum grundvelli og gefa fyrirtækjum tækifæri til að nýta sér kvennastefnuna eftir því hver staða þeirra og stefna er í núverandi stjórnun og viðskiptahegðun. Markmiðin eru um leið árangursmælar (kvennastefnuvísar) og setja fyrirtæki sér aðgerðaáætlun fyrir markmiðin sem þau ákveða að stefna að.

Viðmiðin sjö ná yfir breitt svið og taka á þáttum sem snerta bæði líf og störf kvenna, sem og starfsvettvang fyrirtækja.

- Upplýsingar, framkvæmd og eftirfylgni
- Atvinna og tekjur
- Heilsa, öryggi og ofbeldi
- Þátttaka í borgaralegum samfélagi
- Stjórnun
- Menntun, þjálfun og starfsþróun

Viðmiðin virðast við fyrstu sýn vera af ólíkum toga, en öll hafa þau áhrif á líf kvenna og stöðu þeirra í samfélaginu. Sem dæmi má nefna viðmiðið um þátttöku í borgaralegu samfélagi. Það kveður á um að fyrirtæki tileinki sér stefnu sem vinnur að því að tryggja og vernda rétt kvenna til að taka þátt í borgaralegu samfélagi og lifa án mismunar og efnahagslegs misréttis. Framlag fyrirtækja væri að uppfylla markmið sem meðal annars kveða á um að virða félagafrelsi starfsmanna svo og að banna alla starfsemi eða samskipti við aðila sem taka með einhverju móti þátt í verslun með konur eða vændi.

Markmiðin taka einnig á þátttöku kvenna í borgaralegu samfélagi á breiðari grundvelli. Þau kveða meðal annars á um að fyrirtækin setji sér hegðunar- og siðareglur sem gera meiri kröfur hvað varðar stöðu og réttindi kvenna en staðbundnar hefðir kveða á um. Þetta getur meðal annars falið í sér að hafa frumkvæði að því að vinna með stjórnvöldum eða samstarfsfyrirtækjum við að efla menntun kvenna og hlúa að öðrum þáttum sem hafa áhrif á lífsskilyrði þeirra.

Viðmiðið sem snýr að atvinnu og tekjum er kannski augljósara hvað okkur varðar því að umræðan um kynjamismunun og jafnrétti hér á landi snýst að miklu

leyti um atvinnu og tekjur. Hin viðmiðin eru þó ekki síður mikilvæg í löndum sem ekki hafa eins öflugt lagaumhverfi, jafnvirkt dómskerfi eða sterkar jafnréttishefðir og við.

Viðmiðið um atvinnu og tekjur kveður á um að fyrirtæki stuðli að jafnrétti kynjanna með því að tileinka sér launa-, ráðninga- og starfsmannastefnu sem hefur það að markmiði að afmá kynjamismunun. Markmiðin eru allt frá því að greiða konum lögbundin lágmarkslaun að því að tryggja þunguðum konum starfsöryggi, og að því að gera framkvæmdastjóra ábyrga fyrir því að ná áþreifanlegum og mælanlegum árangri í jafnréttisstefnu fyrirtækisins.

Hnattvæðingin, sem einkennir viðskiptaumhverfi okkar í dag, hefur skapað tækifæri og velferð víða um heim en orðið sumum löndum efnahagslega gjöfylli en öðrum. Sum lönd sitja eftir og takast á við veikan efnahagslegan grunn, vanmáttugar stofnanir og fátækt. Sama á við innan landamæra, hnattvæðingin hefur skilað sér betur til sumra samfélagshópa en annarra. Velferð skilar sér betur til þeirra sem hafa menntun, eignir eða aðgang að fjármagni. Af þeim 1,5 milljörðum manna sem lifa á minna er einum dal á dag eru 70% konur og tveir þriðju af þeim sem teljast ólæsir í heiminum eru sömuleiðis konur. Velferð hefur því

Pitstop – góð vara, frábært verð og framúrskarandi þjónusta

Frábær vara á góðu verði



Við gerum þér **SÚPER TILBOÐ**

Eigum dekk undir allar gerðir bifreiða

Gæðakaffi, nettengdar tölur, tímarit og blöð, fyrir þig meðan þú bíður.
– þjónusta í fyrirúmi.

pitstop




Dugguvogi 10 (v/Sæbraut) • 104 R.vík • S: 568 2020 og Hjallahrauni 4 • 220 H.fj • Sími 565 2121

Markmiðin taka einnig á þátttöku kvenna í borgaralegu samfélagi á breiðari grundvelli. Þau kveða meðal annars á um að fyrirtækin setji sér hegðunar- og siðareglur sem gera meiri kröfur hvað varðar stöðu og réttindi kvenna, en staðbundar hefðir kveða á um.

ekki skilað sér sem skyldi til kvenna í þróunarlöndum. Konur eru oftast en ekki meðal þeirra sem vinna ófaglærð störf, við lélegar vinnuáðstæður, á lágum launum og án vinnuöryggis.

Í umræðunni um kynjamismunin í þróuðum löndum eru glerþök margumrædd, en í þróunarlöndum eru klístruð gólfín helsta viðfangsefnið. Hugtakið *klístruð gólfín* er notað um kvenlæga fátækt þar sem konur eru á botni efnahagslífnis og sam-

félaglegar aðstæður gera þeim erfitt fyrir að vinna sig upp úr fátækt.

Kofi Annan, fráfarandi aðalritari Sameinuðu þjóðanna, sagði í ræðu í mars 2003 að rannsóknir sýni fram á að þróunaraðstoð nái meiri árangri ef að konur hafi þar meginhlutverk. „Þar sem konur taka fullan þátt má sjá árangur undir eins; fjölskyldur er heilbrigðari og nærðari; tekjur þeirra, sparifé og fjárfestingar aukast.“ Vinna kvenna er samofin samfélaginu bæði sem umönnunaraðilar og sem tekjustofn fjölskyldunnar. Þetta tvíþætta hlutverk kvenna verður til þess að bætt staða kvenna nú skilar sér einnig til framtíðar þar sem meiri líkur eru til þess að kona með meiri menntun, betri aðgang að heilsugæslu, meiri fjárráð og meira öryggi leggi áherslu á að stúlkubörn gangi í skóla í staðinn fyrir að vinna fyrir fjölskyldunni. Bætt staða kvenna skilar sér þannig frá einni kynslóð til annarrar.

Við undirskrift samnings um kvennastefnu Calverts samþykkja fyrirtæki að samþætta viðmiðin starfsemi fyrirtækisins og til-einka sér viðskiptahegðun og stjórnunarhætti sem stuðla að því að efla konur og bæta hag þeirra, bæði innan fyrirtækisins og í samfélaginu þar sem þær búa.

Hegðun fyrirtækja í þróunarlöndum getur haft afgerandi áhrif á samfélög þar sem fyrirtækin starfa. Í samfélögum sem hafa veika innviði, t.d. veikburða dómskerfi og litla burði til að fylgja eftir lögum og reglugerðum, er auðveldara fyrir fyrirtæki að líta fram hjá reglugerðaumhverfinu og notfæra aðstæður sér til hagnaðar. Óbein framlög til þróunarmála fela í sér að fyrirtæki taki á sig ábyrgð, ekki aðeins með því að uppfylla staðbundin skilyrði heldur einnig með því að setja sér siðferðisleg viðmið sem stuðla að því að bæta samfélag þeirra. Samfélagslega ábyrg hegðun fyrirtækja í þróunarlöndum getur skipt sköpum fyrir líf og starf kvenna og karla svo og á lífgæði og lífslíkur fjölskyldna þeirra.

Elsa Guðmundsdóttir, stjórnarkona UNIFEM á Íslandi.



JÁ, NÚ ER ÞAÐ GRÓFT!



Kópavogspósturinn 860911 - kpe@p.is

Holl og góð trefjarík brauð í dagsins önn

Til kornvöru teljast hafrar, rúgur, hveiti, bygg, hrísgrjón og maís, ásamt afurðum úr þessum vörum, svo sem brauð, grautar, pasta og morgunkorn. Mest er af vítamínum, steinefnum og trefjaefnum í hýði og kími. Þess vegna er mikilvægt að neyta kornvöru sem inniheldur alla hluta kornsins. Stundum er heilt og ómalað korn notað sem hráefni í brauð, en oftast er þó notað malað heilkorn, sem inniheldur ennþá öll næringarefni kornsins.

Þú færð allt holla og góða - grófa brauðið hjá okkur!



Dalvegi 4 • Sími 564 4700 Hamraborg 14 • Sími 554 4200

Opit: Mánud.-föstud. 06:00 - 18:00 Laug. 06:00 - 17:00 Sunn. 07:00-17:00
Opit: Mánud.-laugard. 08:00 - 18:00 Laug. 08:00-16:00 Sunn. 09:00-16:00



Lífeyrissjóður verzlunarmanna og ábyrg fjárfesting

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna ákvað fyrr á árinu aðild sjóðsins að leiðbeinandi reglum um ábyrgar fjárfestingar (e. principles for responsible investment) sem unnar hafa verið að frumkvæði Sameinuðu þjóðanna. Á heimasíðu lífeyrissjóðsins segir að reglurnar séu „leiðbeiningar fyrir stofnana-fjárfesta um heim allan þar sem þátttakendur undirgangast að (...) taka tillit til umhverfislegra og félagslegra þátta tengda rekstri fyrirtækja auk þess sem lögð er áhersla á góða stjórnarhætti fyrirtækja“. Hrund Gunnsteinsdóttir spjallaði við Þorgeir Eyjólfsson, forstjóra Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

Umræða um félagslega ábyrgð fyrirtækja og ábyrgar fjárfestingar fela í sér viðurkenningu á áhrifum sem viðskiptalífið hefur á samfélög og umhverfið. Mjög hefur fæst í vöxt að kröfur séu gerðar um bætta stjórnarhætti fyrirtækja í þessu samhengi og segja má að ekki sé lengur spurning um hvort heldur hvenær fyrirtæki og aðilar í fjármálaheiminum takist á hendur þessa ábyrgð.

„Við erum ánægð með að vera orðnir þátttakendur í alþjóðlegu samstarfi sem stofnað var til á vegum Sameinuðu þjóðanna um bætta stjórnarhætti fyrirtækja. Í auknum mæli gera fjárfestar sér grein fyrir að við langtímaávöxtun eigna þarf að taka tillit til umhverfisreglna og félagslegra þátta við rekstur fyrirtækja auk þess sem góð stjórnun hefur þar þýðingarmiklu hlutverki að gegna. Með þátttöku í samstarfinu er stjórn lífeyrissjóðsins að lýsa því yfir að við fjárfestingar muni sjóðurinn líta til fyrrgreindra þátta eins og við verður komið,“ er haft eftir Þorgeiri í fréttatilkynningu á heimasíðu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 16. júní 2006.

Reglurnar um ábyrgar fjárfestingar voru samdar af fulltrúum tuttugu leiðandi fjárfestingastofnana í tólf löndum í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar. Ennfremur tók hópur sjötíu sérfræðinga úr fjárfestingageiranum, frá opinberum stofnunum, frjálsum félagasamtökum og háskólasamfélaginu, þátt í að þróa reglurnar. Aðilum að reglunum má skipta í þrjá hópa: Stofnana-fjárfesta, eignavörsluaðila og þjónustuaðila við fyrrgreinda aðila. Þegar hafa margir af stærstu lífeyrissjóðum Vesturlanda undirgengist reglurnar og þegar þetta viðtal fór í prent voru aðilar að reglunum rétt rúmlega hundrað talsins. Og þeim mun að öllum líkindum fjölga, að sögn Þorgeirs.

Þorgeir segir stjórn lífeyrissjóðsins ekki hafa tekið frekari ákvarðanir byggðar á reglunum til þessa, enda liggur fyrir að samræming milli lífeyrissjóða á framkvæmd reglnanna er enn í mótun. „Við erum að hefja þetta ferli og munum funda um þetta í byrjun vetrar. Lífeyrissjóður verzlunarmanna er beinn eignaraðili að



Þorgeir Eyjólfsson
Forstjóri Lífeyrissjóðs
verzlunarmanna

öllum helstu fyrirtækjum í Kauphöll Íslands. Umhverfis- og félagslegir þættir eru í góðu lagi hjá íslenskum fyrirtækjum í samburði við mörg fyrirtæki erlendis. Í íslensku lagakerfi er líka búið vel að hluthöfum í félögum þar sem þess er gætt að smáir hluthafar geti haft áhrif á stjórnun fyrirtækja. Sjóðurinn er frábrugðinn stóru lífeyrissjóðunum á Vesturlöndum að því leyti að okkar erlendu fjárfestingar eru meira unnar í gegnum verðbréfasjóði. Við erum ekki beinir eignaraðilar að erlendum fyrirtækjum nema í litlum mæli og getum því haft takmörkuð áhrif á stjórnarhætti þeirra. Áhrifin sem við gætum haft þar eru óbein og þá í gegnum eignavörsluáðila.“ Alls 22% af eignum lífeyrissjóðsins eru í innlendum hlutafélögum sem nánast öll eru skráð í Kauphöllinni.

Reglurnar eru sex talsins og þeim fylgja leiðbeiningar um hvernig framkvæma megi skuldbindingar sem þeim fylgja. Ef vel skal vera, lítur þetta út fyrir að vera töluverð vinna. Hefur Lífeyrissjóður verzlunarmanna gert ráðstafanir til að takast á hendur þessa vinnu? Hefur sjóðurinn þróað sérstaka stefnu í samræmi við reglurnar?

„Hér skiptir samstarf aðila að reglunum sköpum og við munum meðal annars hafa samvinnu við aðra þátttakendur að reglunum í því hvernig hlutirnir verða unnir. Við erum ekki í sömu aðstöðu og margfalt stærri sjóðir erlendis til að hafa áhrif á þetta ferli en munum nýta sambönd okkar við erlenda lífeyrissjóði, að því marki sem við getum. Við eigum til að mynda aðild að *Council of Institutional Investors* í Bandaríkjunum og fylgjumst jafnframt með því sem er að gerast í Evrópu. Ég funda einu sinni til tvisvar á ári með kollegum í Evrópu um þetta mál og önnur sem tengjast lífeyrissjóðunum. Menn hafa áhuga á að nálgast fjárfestingarnar hvað þessa þætti varðar og í þeirri samvinnu nýtum við þá þekkingu sem er til innan sjóðsins.“

Þorgeir segist sannfærður um að á næstu tveimur til fjórum árum fari þess að gæta í auknu mæli hvernig stjórnendur taki tillit til félagslegra þátta og umhverfisþátta við rekstur fyrirtækja og gerð verði grein fyrir þessum þáttum í ársskýrslum fyrirtækjanna.



Nýtt frá Te & Kaffi

Þú finnur kaffi við þitt hæfi frá Te & Kaffi í verslunum um land allt.

stundin - bragðið - stemningin

Aðilar að leiðbeinandi reglum um ábyrgar fjárfestingar eru hvattir til að hafa frekar áhrif á hegðun fyrirtækja í stað þess að hætta að fjárfesta í þeim vegna óásættanlegrar hegðunar. Í ljósi þess að reglurnar eru ekki lagalega bindandi virkar þetta mjög mjúk nálgun og maður spyr sig hvort reglurnar eigi eftir að hafa veruleg áhrif?

„Ég held þær komi til með að virka. Þegar fallþungi stærstu lífeyrissjóðanna verður kominn að baki þessum reglum munu stjórnendur fyrirtækja sjá að hagsmunir hluthafa og starfsmanna fyrirtækjanna eiga fulla samleið með hagsmunum sjóðsfélaga lífeyrissjóðanna.“

Bandaríska eignastýringarfyrirtækið Calvert Group sérhæfir sig í fjárfestingum í sjóðum sem uppfylla skilyrði um félagslega ábyrgð fyrirtækja en árið 2004 lagði það grunninn að grundvallarreglum Calverts í þágu kvenna í samvinnu við Þróunarsjóð Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna, UNIFEM. Er líkur á því að Lífeyrissjóður verzlunarmanna taki einnig upp slíkar reglur í framtíðinni?

„Ég hef ekki kynnt mér Calvert-reglurnar í þágu kvenna. Nú munum við einbeita okkur að leiðbeinandi reglum um ábyrgar fjárfestingar en sjálfsgætt er að skoða Calvert-reglurnar. Félaglegt jafnrétti karla og kvenna er mjög jákvæður hlutur og mikilvægt er að bæta þá stöðu, sérstaklega á svæðum utan Vesturlandanna þar sem mikið hefur áunnist á liðnum árum og áratugum þótt auðvitað megi gera betur.“

Kemur Lífeyrissjóður verzlunarmanna til með að birta reglulega upplýsingar um eftirfylgni reglnanna?

„Já, það mun vera hluti af ársskýrslu sjóðsins og við munum gera sjóðsfélögum grein fyrir hvað hefur áunnist á hverjum tímapunkti eftir aðstæðum. Við munum gera þetta að viðvarandi upplýsingagjöf og tvisvar á ári sendum við út fréttabréf og ég sé fyrir mér að það væri einnig vettvangur fyrir slíka upplýsingagjöf þegar fjallað er um hvernig fjárfestingar sjóðsins hafa þróast.“

Hafið þið kynnt ykkur viðhorf sjóðsfélaga til þessara reglna og fjárfestingahegðunar í þessum anda?

„Nei, ég á ekki von á því að almennur sjóðfélagi sé á þessari stundu nægilega vel inni í því um hvað málið snýst til að hafa skoðun á því. Við komum til með að kynna þetta hægt og rólega til sögunnar og ég á von á því að um þetta muni ríkja sátt meðal sjóðsfélaga.“

Myndirðu segja að íslensk fyrirtæki væru langt á veg komin í þessum efnum, eða erum við rétt að byrja?

„Íslensk fyrirtæki standa mjög vel að vígi vegna þess að við erum á undan öðrum þjóðum hvað þessa þætti varðar og á mörgum öðrum sviðum. Löggjöf um hlutafélög á Íslandi er gott dæmi um það hversu vel er gætt hagsmunum smærri hluthafa.“

Þar sem ég er í stjórn UNIFEM má ég til með að spyrja að lokum: Það eru aðeins tvær konur í átta manna stjórn sjóðsins, er það ekki svolítið lágt hlutfall?

„Ef til vill, en reyndar er það í samræmi við það sem almennt gerist í lífeyrissjóðunum. Við erum einnig með þrjár konur í varastjórn. En ekki þarf að fara langt aftur í tímann þar sem stjórn sjóðsins var að fullu skipuð karlmönnum. Hlutfall kvenna í stjórn lífeyrissjóða mun hækka á næstu árum, ég er sannfærður um það.“

Hrund Gunnsteinsdóttir, stjórnarkona UNIFEM á Íslandi.

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu þessa blaðs



Óskum UNIFEM á Íslandi til hamingju með ötult starf að góðum málefnum á liðnum árum.

Akureyrarbær

Alark, arkitektar, Dalvegi 18, Kópavogi
Amma Rut, Skipasundi 82, Reykjavík
Arena, dansverslun, Eiðistorgi,
Seltjarnarnesi
Arev hf., verðbréfafyrirtæki,
Bankastræti 5, Reykjavík
ARGOS hf., Eyjaslóð 9, Reykjavík
Arkís ehf., Aðalstræti 6, Reykjavík
Arnarfell, Sjafnarnesi 2-4, Akureyri
Árneshreppur
Ás, fasteigasala, Fjarðargötu 17, Hafnarfirði
Augnlæknastofa Ragnars Sigurðssonar ehf.,
Kaupvangi, Akureyri
Baðheimar ehf., Skeifunni 7, Reykjavík
Barnaheill, Laugavegi 7, Reykjavík
Berg ehf., byggingafélag, Norðurgötu 16,
Siglufirði
Betra Líf, Kringlunni 8-12, Reykjavík
Bifreiðabyggingar sf., Tangarhöfða 5,
Reykjavík
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf.,
Smiðjuvegi 14, Kópavogi
Birta, gleraugu, úr og skart, Lagarási 8,
Egilsstöðum
Blaðamannafélag Íslands, Síðumúla 23,
Reykjavík
Blátt strik, Vífilsgötu 22, Reykjavík
Bókaútgáfan Hólar, Hagaseli 14, Reykjavík
Bókhalds- og tölvuþjónustan sf.,
Böðvarsgötu 11, Borgarnesi
Bolungarvíkurkaupsstaður
Borgarbyggð
Brynjuís, Aðalstræti 3, Akureyri
Bæjar- og héraðsbókasafn Ísafjarðar,
Gamla sjúkarhúsinu, Ísafirði
Dalvíkurbyggð
Debenhams, Hagasmára 1, Kópavogi
Dvalarheimili aldraðra, Borganesi
Egilssild ehf., Gránugötu 27, Siglufirði
Eignamiðlunin ehf., Síðumúla 21, Reykjavík
EMM Handverk, vinnustofa, Ármúla 44,
Reykjavík
Emmessís hf., Bituhálsi 1, Reykjavík
Endurvinnslan hf., Knarrarvogi 4, Reykjavík
Faxaflóahafnir
Félag verslunar- og skrifstofufólks, Akureyri
Félagsbústaðir hf., Hallveigarstíg 1,
Reykjavík
Ferðaþjónustan Skaftafelli, Stafafelli, Höfn
Ferró sf., Steinaseli 6, Reykjavík
Fjallabyggð
Fjárfestingafélagið Gaumur,
Suðurlandsbraut 48, Reykjavík
Flóahreppur
Framsóknarflokkurinn
Frár ehf., Hásteinsvegi 49, Vestmannaeyjum
Frjálslyndiflokkurinn
Garðyrkja ehf., Helluhrauni 4, Hafnarfirði
Grímsnes- og Grafningshreppur
Guðrún ehf., tískuverslun, Rauðarárstíg 1,
Reykjavík
Gullkistan, Frakkastíg 10, Reykjavík

Heimilisprýði, Ármúla 5, Reykjavík
Héraðsbókasafn Rangárvallasýslu,
Vallarbraut 16, Hvolsvelli
Hersir – ráðgjöf og þjónusta, Sigtúni 42,
Reykjavík
Hitaveita Egilsstaða og Fella, Einhleypingi,
Egilsstöðum
Hrif – heilsuefling innan fyrirtækja, Ármúla
44, Reykjavík
Hringsjá, stafsþjálfun fatlaðra, Hátúni 10d,
Reykjavík
Hrund, snyrtistofa, Grænátúni 1, Kópavogi
Hvöt kvenfélag Miðneshreppi
Höfðakaffi ehf., Vagnhöfða 11, Reykjavík
Innheimtulausnir ehf., Hlíðasmára 15,
Kópavogi
Internet á Íslandi hf., Dunhalga 5, Reykjavík
IQ, Skólavörðustíg 8, Reykjavík
Ísafjarðarbær
Ísfugl ehf., Reykjavegi 36, Mosfellsbæ
Íslandsfundir, Suðurlandsbraut 30,
Reykjavík
Íslandsspil sf., Smiðjuvegi 11a, Kópavogi
Íslensku vigtarráðgjafarnir
/ www.vigtarradgjafarnir.is
ISS á Íslandi, Ármúla 40, Reykjavík
Jómfrúin, Lækjargötu 4, Reykjavík
Kaffítár ehf., Stapahrauni 7, Njarðvík
Kafólska kirkjan á Íslandi
Kaupfélag Héraðsbúa, Kaupvangi 6,
Egilsstöðum
Kemis ehf., Breiðhöfða 15, Reykjavík
Kjósarhreppur., www.kjos.is
Knattspyrnusamband Íslands, Engjavegi 6,
Reykjavík
KOM Almennatengsl, Borgartúni 20,
Reykjavík
Kvenfélag Öxfirðinga
Kvennaheimilið Hallveigarstöðum,
Túngötu 14, Reykjavík
Kvenréttindafélag Íslands,
Túngötu 14, Reykjavík
Landssamband íslenskra verzlunarmanna
LH-Tækni ehf., Mörkinni 6, Reykjavík
Listasafn ASÍ, Freyjugötu 41, Reykjavík
Loftorka, Engjaási 2-8, Borgarnesi
Lögreglustjóraskrifstofan, Hverfisgötu 115,
Reykjavík
Malbikunarstöðin Hlaðbær – Colas,
Hringhellu 6, Hafnarfirði
Marel hf., Austurhrauni 9, Garðabæ
Miðás hf., Miðási 9, Egilsstöðum
Morgunblaðið
Myndlistaskólinn í Reykjavík, Hringbraut
121, Reykjavík
Mýrdalshreppur
NOW – Vitamín
Nýsir hf., Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
Pétursbúð, Ránargötu 15, Reykjavík
Plúsmarkaðurinn, Hátúni 10, Reykjavík
R. B. Bílaleiga, Síðumúla 27a, Reykjavík
Raftækning hf., Suðurlandsbraut 4,
Reykjavík

Rauði kross Íslands, Siglufjarðardeild
Rauði kross Íslands, Skagafjarðardeild
Reykjanesbær
Runólfur Hallfreðsson, Krókatúni 9,
Akranesi
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Gagn-
heiði 35, Selfossi
Selfossveitur, Austurvegi 67, Selfossi
Seltjarnarnesbær
Set ehf., Eyrarvegi 4, Selfossi
Seyðisfjarðarkaupstaður
Síldarvinnslan hf., Hafnarbraut 6,
Neskaupsstað
Sjálftæðisflokkurinn
Sjávariðjan Rífi, Hárfi 5, Hellissandi
Sjúkranuddstofa Silju, Huldubraut 2,
Kópavogi
Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Skinney – Þinganes hf., Krossey, Höfn
Skóbúð Húsavíkur, Garðarsbraut 13,
Húsavík
Skorradalshreppur
Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins
Smurstöð Esso, Stórahjalla, Kópavogi
Sorpa bs., Gufunesi, Reykjavík
Sparisjóður Bolungarvíkur, Aðalstræti 14,
Bolungarvík
Spennubreytar ehf., Trönuhrauni 5,
Hafnarfirði
Stálbær ehf., Smiðjuvegi 9a, Kópavogi
Stíflu- og lagnaþjónustan ehf.,
Fjóluhvamm 10, Hafnarfirði
Súðavíkurhreppur
Suzuki bílar hf., Skeifunni 17, Reykjavík
Sveinbjörn Sigurðsson hf., Smiðshöfða 7,
Reykjavík
Sveitarfélagið Garður
Talnatók, www.talnatok.is
Tandur, Hesthálsi 12, Reykjavík
Tannlæknastofa Einars, Skjólvegi 10,
Reykjanesbæ
Tannlæknastofa Guðna Óskarssonar,
Hólvegi 3a, Eskifirði
Tannlæknastofa Guðrúnar, Snorrabraut 29,
Reykjavík
Teiknistofan Tröð, Laugavegi 28, Reykjavík
Þingeyjasveit
Þjónustumiðstöðin Vegamótum
Þorbjörn hf., Hafnargötu 12, Grindavík
Þýðinga- og textaráðgjöf, Laugavegi 163,
Reykjavík
Uppdæling ehf., Fosshálsi 1, Reykjavík
Útfararstofa kirkjugarðanna, Vesturhlíð 2,
Reykjavík
Vélaver hf., Krókhálsi 16, Reykjavík
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur
Verkalýðsfélagið Hlíf, Hafnarfirði
Verkstjórasamband Íslands
Verslunarmannafélag Austurlands
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Vinabær, Skipholti 33, Reykjavík
Vökull stéttarfélag, Höfn
Öryggismiðstöðin, Borgartúni 31, Reykjavík



HANN
197.000.000 KR.

HÚN
159.000.000 KR.

Dapurleg eftirmæli

Meðalstarfsævi á Íslandi er u.þ.b. 45 ár. Samkvæmt launakönnun VR 2006 eru heildarævitekjur karla 197 milljónir króna að meðaltali en kvenna 159 milljónir. Munurinn er 38 milljónir eða 24%, körlunum í vil.

Þessi munur á ekki að vera meitlaður í stein um ókomna framtíð. Sendum komandi kynslóðum rétt skilaboð. Eyðum launamun kynjanna.

GLITNIR

VEF
LIG
NÝJAR LEIÐIR...

... Í SPARNAÐI

Prískiptur sparnaður Glitnis

VARASPARNAÐUR

– til að mæta óvæntum fjáruþlátum, t.d. ef bíllinn bilar eða húsnæðið þarfnast viðgerðar. Og já, líka ef börnin þurfa tannréttingar.

NEYSLUSPARNAÐUR

– til að safna fyrir öllu því sem hugurinn gírnist, t.d. húsgögnum, heimilistækjum og utanlandsferðum. Eða bara fyrir því sem þú vilt!

LANGTÍMASPARNAÐUR

– til að byggja upp fjárhagslega velgengi í framtíðinni, t.d. kaupa betra húsnæði eða sumarhús, fara í heimsreiðu eða eiga fyrir menntun barnanna.

Ný aðferð til að ná betri árangri í sparnaði.

Farðu í næsta útibú Glitnis eða á www.glitnir.is og kláraðu málið!